allt

**JÓHANNA BJARNARSON:**

*Fjörlegt á frístundaheimilum*

• börn • nám • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



**GUNNAR HAUKSSON**

*Truflaði Clint Eastwood í golfi*

*Með fjóra í forgjöf*

FÓLK 30









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. september 2005 - 240. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Spennan magnast



Þættirnir um íslenska piparsveininn byrja 15. september á þættinum Leitin. Í þættinum verður skyggnst bak við tjöldin.

FÓLK 30

### Guðrún Helgadóttir sjötug



Samferðamenn Guðrúnar segja hana hafa ríka réttlætiskennd og varðveita barnið í sjálfri sér.

TÍMAMÓT 20

### Leikhlé fyrir Gerhard og Joschka



Gerhard Schröder og Joschka Fischer eru sennilega mestu hæfileikamennirnir í hópi stjórnmálamanna Berlínarlýðveldisins en þeir eru líka því miður algerir tækifærissinnar, segir Henryk M. Broder.

UMRÆÐAN 18

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJARTVIÐRI** síst þó austan til. Hætt við lítilsháttar súld norðaustan og austan til annars þurrt og bjart. Hiti 3-10 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4


**> Markaðurinn**

*Sögurnar... tölurnar...fólkið...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG







**FORYSTUMENN STJÓRNARFLOKKANNA** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Davíð Oddsson utanríkisráðherra kynntu ráðstöfun andvirðis Landssímans ásamt þeim Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Liðlega 32 milljörðum króna verður varið til að greiða niður erlendar skuldir:

# Ríkið skuldlaust við útlönd

**SÍMASALAN** Skipti ehf. greiddi íslenska ríkinu 66,7 milljarða króna síðdegis í gær fyrir Landssíma Íslands. Þar af greiddi félagið rúma 32 milljarða króna í erlendri mynt og verður þeim hluta greiðslunnar varið strax til þess að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Davíð Oddsson utanríkisráðherra segja þetta sögulega stund. Að teknu tilliti til gjaldeyrisvarasjóðs Seðlabankans og 25 milljarða afgangs á ríkissjóði, sem einnig verður varið til að greiða upp erlendar skuldir, verði íslenska ríkið sem næst skuldlaust við útlönd um næstu áramót.

„Við leggjum inn fé í Seðlabankann og fáum þar vaxtatekjur en léttum jafnframt af okkur vaxtabyrði með greiðslu erlendra skulda. Við reiknum með að þetta eitt bæti hag ríkissjóðs um fjóra milljarða króna á næsta ári,“ segir Geir H. Haarde.

Ráðgert er að verja um 15 milljörðum króna til samgöngubóta á árunum 2007 til 2010. Þar af verður um 10 milljörðum króna varið til lagningar Sundabrautar og annarra samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er ráðgert að verja alls 18 milljörðum króna á fimm ára tímabili til uppbyggingar hátæknisjúkrahúss á Landspítalalóðinni.

Einnig er ætlunin að verja milljörðum til kaupa á varðskipi, uppbyggingar fjarskiptaþjónustunnar og nýrra búsetuúrræða fyrir geðfatlaða svo nokkuð sé nefnt.

**- jh /** **sjá nánar á síðu 2**

# Áfall fyrir ákæruvaldið

**Dómarar í Baugsmálinu segja slíka annmarka á hluta ákæra að þeim verði jafnvel vísað frá. Saksóknari fagnar ábendingunum. Eiríkur Tómasson prófessor talar um áfall fyrir ákæruvaldið. Verjandi telur framhaldsákæru útilokaða.**

**DÓMSTÓLAR** „Um ákveðið áfall er að ræða fyrir ákæruvaldið, fram hjá því er ekki hægt að horfa,“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor um bréf dómara í Baugsmálinu þar sem bent er á að verulegir annmarkar kunni að vera á ákærum. Í bréfinu segir að annmarkarnir kunni að vera slíkir að úr þeim verði ekki bætt og ákærum jafnvel vísað frá dómi. Annmarkarnir snúa að 18 ákæruliðum af 40 á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Jóhannesi Jónssyni, Kristínu Jóhannesdóttur og Tryggva Jónssyni.

„Ákæra á að vera þannig úr garði gerð að hægt sé að dæma mál á grundvelli hennar. Hún og þau gögn sem henni fylgja eiga að vera þannig að ekki þurfi frekari skýringa við til að hægt sé að leggja dóm á ákæruna,“ segir Eiríkur. „Hér er um að ræða ágalla á ákærunni, það er alveg ljóst. En svo verður bara að koma í ljós hvort þeir leiða til frávísunar eftir að skýringar ákæruvaldsins hafa komið fram.“ Hann segir að Baugsmálinu verði tæpast vísað frá í heild sinni þó svo að einstökum ákæruliðum yrði vísað frá. „Málið er svo margþætt og ákæruatriði aðskilin, sýnist mér.“

Jón H. Snorrason saksóknari telur ábendingar dómaranna dæmi um mjög vandaða málsmeðferð í Baugsmálinu. Þær séu fjarri því að vera áfellisdómur yfir störf ákæruvaldins, því ekki sé gefið að annmarkar séu á rannsókninni. „Oft eru fundnir einhverjir hnökrar á ákærum og málum því vísað frá í Hæstarétti eða sakborningar sýknaðir af þeim ástæðum. Dómurinn er að koma í veg fyrir að eitthvað slíkt komi upp,“ segir Jón og telur kappnógan tíma til að gera bót á ákærunum. Liðirnir sem sett sé út á, þar á meðal viðskipti á milli Baugs og Gaums, séu ekki aðalatriði málsins, enn nái ákærurnar til stórfelldra bókhaldsbrota að upphæð einum milljarði króna.



**JÓN H. SNORRASON** Saksóknarinn segir nóg ráðrúm til að gera úrbætur á ákærum.



**GESTUR JÓNSSON** Verjandinn segir þröngar lagaheimildir til úrbóta á ákærum.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, leggur áherslu á að bréf dómaranna sé hvorki úrskurður né ákvörðun í sjálfu sér. „Þetta er boðun í þinghald þar sem dómurinn segist munu gefa mönnum kost á að tjá sig um þessa niðurstöðu sína,“ segir hann, en bætir við að verði niðurstaðan sú að málinu verði vísað frá að hluta sé það gífurlega harður dómur yfir vinnubrögðum ákæranda. Þá telur hann ólíklegt að ákæruvaldið fái að laga annmarkana með framhaldsákæru, enda séu heimildir í lögum til að gera leiðréttingar á ákærum óskaplega þröngar. „Þetta eru miklu alvarlegri hlutir en að úr þeim verði bætt á grundvelli þeirra heimilda.“

„Þetta sætir tíðindum,“ segir Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar Jónssonar og bætir við að þróun mála komi honum ekki að öllu leyti á óvart því honum hafi fundist ákæran hroðvirknislega unnin. Hann áréttar þó að niðurstaða dómara liggi ekki fyrir. Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur næsta mánudag.

**- óká / – gag /** **sjá síðu 4**

Forstjórar skráðra félaga:

# Fjórir eiga yfir milljarð

**VIÐSKIPTI** Fjórir forstjórar fyrirtækja, sem mynda Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands, eiga yfir einn milljarð í hlutabréfum í því félagi sem þeir stýra. Þetta eru Lýður Guðmundsson, Róbert Wessman, Bjarni Ármannsson og Hreiðar Már Sigurðsson.



**RÓBERT WESSMAN** Einn fjögurra forstjóra sem eiga meira en milljarð í fyrirtækinu sem þeir stjórna.

Af fimmtán stjórnendum félaga í Úrvalsvísitölunni eiga níu þeirra eignarhluti yfir eitt hundrað milljónir króna að markaðsvirði. Aðeins tveir forstjórar eiga engin bréf.

Í gegnum stærsta eiganda Bakkavarar, fjárfestingarfélagið Exista, eiga Lýður og bróðir hans Ágúst hlut sem er um 11,7 milljarðar króna að markaðsvirði. Eignarhlutir Róberts, Bjarna og Hreiðars Más liggja á bilinu 1.200-1.450 milljónir króna.

**- eþa /** **Sjá Markaðinn**

Nýkominn með ökuréttindi:

# Tekinn á 144 kílómetra hraða

**LÖGREGLA** Ungur ökumaður með dagsgamalt bráðabirgðaökuskírteini var stöðvaður á 144 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi, rétt austan Þjórsár í gær. Að sögn lögreglu á Hvolsvelli fékk hann rækilegt tiltal og ólíklegt að hann haldi skírteininu lengi haldi hann uppteknum hætti.

Lögregla sagði nokkuð hafa verið um hraðakstur í umdæminu, en í gær voru alls níu ökumenn gripnir á of mikilli ferð. Sá sem hraðast fór var á 146 kílómetra hraða á Suðurlandsvegi á Rangárvöllum.

**- óká**

Forseti Íraks:

# Saddam játar á sig glæpi

**ÍRAK, AP** Saddam Hussein, fyrrum forseti Íraks, hefur játað að hafa fyrirskipað aftökur og önnur óhæfuverk í stjórnartíð sinni, sagði Jalal Talabani, núverandi forseti, í sjónvarpsviðtali í gærkvöld.

Talabani sagði dómara hafa tjáð sér að honum hefði tekist að fá Saddam til að játa á sig glæpi, þar á meðal aftökur. Talabani sagði ekki hvaða málum játningar Saddams tengdust en sagði sumar þeirra snúa að málum sem hann verður ákærður fyrir.

Saddam Hussein verður dreginn fyrir dóm 19. október vegna fjöldamorða á sjíum í Dujail 1982. ■



## SPURNING DAGSINS

*Kjartan, hefurðu oft fengið stöðumælasekt?*

„Ég fæ nokkrar á ári en flýti mér alltaf að borga til að losna við sektarkenndina.“

Kjartan Magnússon er borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, sem leggja til að stöðumælar verði fjarlægðir úr miðborginni.

Leikskólastjórar í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti:

# Uggandi vegna manneklu

**LEIKSKÓLAMÁL** Leikskólastjórar í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti eru uggandi yfir því ástandi sem skapast hefur í leikskólum vegna starfsmannaeklu. Þeir hittust á fundi í gær þar sem ræddar voru hugsanlegar leiðir til úrlausnar á vandanum.

Að sögn Ólafar Helgu Pálmadóttur, leikskólastjóra á Hálsaborg, er ástandið misalvarlegt eftir skólum. „Það sem er sameiginlegt er hins vegar það að hvergi eru leikskólakennarar að sækja um, heldur einungis ófaglærðir og fólk með aðra menntun,“ segir hún. „Fólk með aðra menntun missir þó iðulega áhugann á starfinu um leið og það heyrir hver launin eru,“ segir hún.



**ÓLÖF HELGA PÁLMADÓTTIR, LEIKSKÓLASTJÓRI Á HÁLSABORG:** „Þótt ástandið sé ágætt í sumum skólum vantar alls staðar stöðugleikann og öryggið.“

Leikskólastjórar í hverfinu standa frammi fyrir því að þurfa margir að skerða þjónustu síðari hluta dags vegna manneklu, en tugi starfsmanna vantar í skólana í hverfunum. Á sumum leikskólum er ástandið svo alvarlegt að senda þarf börn heim dag og dag og loka deildum á víxl.

„Þótt ástandið sé ágætt í sumum skólum vantar alls staðar stöðugleikann og öryggið,“ segir Ólöf Helga. „Það er spurning hversu lengi hægt er að leggja þetta á starfsfólk og hversu mikið úthaldið er, því þetta er ekki í fyrsta sinn sem starfsmannaekla kemur upp í leikskólum þótt ástandið nú sé óvenjuslæmt miðað við undanfarin ár,“ segir hún. **- sda**

Íslendings leitað:

# Rita hefur ekki fundist

**HAMFARIR** Ritu Daudin, íslensku konunnar sem saknað er eftir fellibylinn Katrínu á suðurströnd Bandaríkjanna, er enn ófundin. Einnig er leitað að syni hennar.

Pétur Ásgeirsson hjá utanríkisráðuneytinu segir að talið sé að hús Ritu standi það ofarlega í hverfinu Metairie í New Orleans að það geti hafa sloppið við flóðið: „Það er hins vegar ekki talið líklegt að hús sonar hennar sé jafn vel staðsett.“

Pétur segir að ræðismaður Íslendinga í New Orleans vinni að því að fá einhvern til að fara að heimili konunnar í dag. **- gag**



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**RÁÐFÆRIR SIG VIÐ LÖGMANN** Arna Ösp Magnúsardóttir ráðfærir sig við Guðmund B. Ólafsson lögmann í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Mótmæli á Hótel Nordica:

# Skemmdirnar endurmetnar

**DÓMSTÓLAR** Komið hefur í ljós að ofmetnar voru skemmdir á tækjum og innanstokksmunum í ráðstefnusal á Hótel Nordica eftir grænar slettur mótmælenda í sumar. Þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær mál á hendur Ólafi Páli Sigurðssyni og Örnu Ösp Magnúsardóttur fyrir aðild þeirra.

Málinu var frestað meðan sérfræðingar meta verðrýrnun hluta sem áður voru taldir ónýtir. Arna Ösp játaði, en neitaði stórfelldum eignaspjöllum, meðan Ólafur Páll neitaði sök. Bretinn Paul Geoffrey Gillvar í byrjun júlí dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, fyrir aðild sína, en skaðabótakröfum upp á tæpar 2,9 milljónir króna var vísað frá. **- óká**

Framkvæmdastjóri KEA:

# Halldór ráðinn

**KEA** Halldór Jóhannsson viðskiptafræðingur verður næsti framkvæmdastjóri KEA. Stjórn félagsins ákvað á síðasta fundi sínum að ráða hann til starfa í stað Andra Teitssonar sem lætur af störfum.

Halldór hefur unnið sem fjárfestingastjóri KEA frá í nóvember síðast liðnum. Þar áður var hann aðstoðarframkvæmdastjóri Kaldbaks og fyrir það aðstoðarkaupfélagsstjóri KEA. **- bþg**

# Hátæknisjúkrahús rís á Landspítalalóð

**Ríkisstjórnin hefur ákveðið að 18 milljörðum króna af andvirði Landsímans verði varið til uppbyggingar hátæknisjúkrahúss. Landhelgisgæslan, Háskóli Íslands, Nýsköpunarsjóður og geðfatlaðir njóta einnig góðs af sölunni.**

**SÍMASALAN** Fyrirtækið Skipti ehf. greiddi íslenska ríkinu tæpa 67 milljarða króna í gær fyrir Landssíma Íslands hf., en þar með lauk umfangsmestu einkavæðingu í sögu þjóðarinnar.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Davíð Oddsson utanríkisráðherra kynntu jafnframt í gær áætlun um ráðstöfun fjárins ásamt Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Liðlega 32 milljörðum króna í erlendri mynt verður varið strax til að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs.

Stærsta einstaka framkvæmdin sem ráðist verður í er hátæknisjúkrahús á lóð Landspítalans en 18 milljarðar króna renna til verksins á fjórum árum. Í fyrsta áfanga verður byggt húsnæði fyrir slysa- og bráðaþjónustu sem og rannsóknastarfsemi spítalans.



**LANDSPÍTALINN** Nýtt sjúkrahús rís á lóð spítalans á næstu árum.

Liðlega 10 af 15 milljörðum, sem ráðgert er að verja til samgöngumála, renna til mannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Sundabraut og breikkun Reykjanesbrautar eru þar stærstu einstöku verkefnin. Öll samgönguverkefnin eru á vegaáætlun og dreifast um allt land.

Þremur milljörðum króna verður varið til kaupa á varðskipi og flugvél fyrir Landhelgisgæsluna.

Nýsköpunarsjóði eru ætlaðir 2,5 milljarðar króna, þar af einn milljarður þegar á þessu ári. Forsætisráðherra segir að stóraukin framlög til nýsköpunarsjóðs séu byltingarkennd fyrir sjóðinn.

Einum milljarði verður varið nú þegar til umbóta á farsímakerfi landsmanna en alls um tveimur og hálfum milljarði á þremur árum.

Einum milljarði verður einnig varið til úrbóta í húsnæðismálum geðfatlaðra.

Löks er ráðgert að verja einum milljarði króna til nýbyggingar við Árnastofnun í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar árið 2011.

Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar verða útfærðar frekar í frumvarpi sem lagt verður fram í upphafi Alþingis í haust.

**johannh@frettabladid.is**

**RÁÐSTÖFUN FJÁRINS SEM FÆST FYRIR SÍMANN**

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vegaframkvæmdir | 0 | 0 | 3.700 | 5.000 | 3.700 | 2.600 | 0 | 0 | 15.000 |
| Sundabraut | 0 | 0 | 1.500 | 2.500 | 2.000 | 2.000 | 0 | 0 | 8.000 |
| Reykjanesbraut | 0 | 0 | 700 | 600 | 300 | 0 | 0 | 0 | 1.600 |
| Gatnamót við Nesbraut | 0 | 0 | 600 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 600 |
| Vestfjarðavegur | 0 | 0 | 0 | 300 | 200 | 200 | 0 | 0 | 700 |
| Arnkötludalur | 0 | 0 | 400 | 400 | 0 | 0 | 0 | 0 | 800 |
| Þverárfjallsvegur | 0 | 0 | 200 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 300 |
| Norðausturvegur | 0 | 0 | 300 | 400 | 400 | 400 | 0 | 0 | 1.500 |
| Hornafjarðarfljót | 0 | 0 | 0 | 400 | 400 | 0 | 0 | 0 | 800 |
| Bræðratunguvegur | 0 | 0 | 0 | 100 | 200 | 0 | 0 | 0 | 300 |
| Suðurstrandarvegur | 0 | 0 | 0 | 200 | 200 | 0 | 0 | 0 | 400 |
| Hátæknisjúkrahús | 300 | 0 | 200 | 1.500 | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 18.000 |
| Varðskip/flugvél | 0 | 0 | 1.000 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.000 |
| Nýsköpunarsjóður | 1.000 | 0 | 500 | 500 | 500 | 0 | 0 | 0 | 2.500 |
| Fjarskiptasjóður | 1.000 | 0 | 500 | 500 | 500 | 0 | 0 | 0 | 2.500 |
| Framkv. vegna geðfatlaðra | 200 | 0 | 200 | 300 | 300 | 0 | 0 | 0 | 1.000 |
| Hús fyrir Árnastofnun | 0 | 0 | 0 | 300 | 300 | 400 | 0 | 0 | 1.000 |

Allar upphæðir eru í milljónum króna

Forstjóri Landspítalans:

# Hver áfanginn rekur annan

**SÍMASALAN** Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans - háskólasjúkrahúss, er afar ánægður með fyrirætlanir um hátæknisjúkrahús.

„Í þessu felst að við getum haldið ótrauðir áfram að vinna að þessu umfangsmikla og flókna verkefni sem undirbúningur fyrir nýja spítalann er,“ segir hann.

Magnús segir þetta sérlega ánægjulegt í ljósi þess að nú reki hver áfanginn annan: „Fyrst er það þetta og svo er í gangi samkeppni núna um það hvernig sé best að koma spítalanum fyrir við Hringbrautina. Henni lýkur á morgun og svo liggur úrskurður dómnefndar fyrir í byrjun október svo allt fellur þetta vel saman.“ **- jse**



**GEORG LÁRUSSON** Nýtt skip tímabært.

Gæslan fær þrjá milljarða:

# Löngu tímabært

**LANDHELGISGÆSLAN** „Þetta er ákaflega gleðilegt fyrir mig og alla sem starfa hjá Landhelgisgæslunni enda löngu tímabært,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Ríkisstjórnin tilkynnti í gær að þrír milljarðar af því fé sem í ríkissjóð kom vegna sölu Símans fari í tækjakaup fyrir Landhelgisgæsluna og er féð eyrnamerkt til kaupa á einni flugvél og nýju gæsluskipi. Áður höfðu verið uppi hugmyndir um að leigja slíkan tækjakost og segir Georg það ekki enn útilokað en á þeim tíma hafi engir peningar heldur verið til og því sé staðan breytt. **- aöe**

30-50% afsláttur
af völdum vörum
FLEXOR
NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900
GOTT FÓLK McCANN

Reynt að eyða biðlistum með byggingu húsnæðis og þjónustu:

# Geðfatlaðir fá einn milljarð

**SÍMASALAN** Einum milljarði króna af söluandvirði Símans verður varið til þess að hefja nú þegar uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu fyrir geðfatlaðra og er markmiðið að eyða biðlistum eftir húsnæði fyrir geðfatlaða að sögn Árna Magnússonar félagsmálaráðherra.

Gert er ráð fyrir kaupum eða byggingu á húsnæði og uppbyggingu dagvistunar og endurhæfingarúrræða fyrir geðfatlaða um land allt á fimm ára tímabili, frá 2006 til 2010. Markmiðið er að eyða biðlistum og tryggja að geðfatlaðir búi við viðunandi aðstæður. Heildarfjárþörf vegna stofnkostnaðar við uppbyggingu á fimm árum er 1,5 milljarður króna. Gert er ráð fyrir því að Framkvæmdasjóður fatlaðra verji 500 milljónum króna til viðbótar til kaupa eða byggingar húsnæðis fyrir geðfatlaða.

Sú áætlun sem gerð hefur verið um uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu fyrir geðfatlaða næstu fimm árin byggir meðal annars á áfangaskýrslu sem félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra létu vinna fyrri hluta þessa árs. **- jss**



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Árni Magnússon segir markmiðið með uppbyggingu búsetuúrræða vera að eyða biðlistum eftir húsnæði.


America's Next Top Model
mið
kl. 20
Þær eru fallegar, frakkar og framagjarnar!
Hefst í kvöld!

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.09.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,74 | 62,04 |
| Sterlingspund | GBP | 113,86 | 114,42 |
| Evra | EUR | 77 | 77,44 |
| Dönsk króna | DKK | 10,327 | 10,387 |
| Norsk króna | NOK | 9,84 | 9,898 |
| Sænsk króna | SEK | 8,266 | 8,314 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5629 | 0,5661 |
| SDR | XDR | 91,42 | 91,96 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**107,465**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón H. Snorrason saksóknari:

# Ábendingar dómara dæmi um vandaða málsmeðferð

**DÓMSMÁL** Jón H. Snorrason saksóknari telur ábendingar dómaranna dæmi um mjög vandaða málsmeðferð í Baugsmálinu. Þær séu fjarri því að vera áfellisdómur um störf ákæruvaldsins, því ekki sé gefið að annmarkar séu á rannsókninni.

„Oft eru fundnir einhverjir hnökrar á ákærum og málum því vísað frá í Hæstarétti eða sakborningar sýknaðir af þeim ástæðum. Dómurinn er að koma í veg fyrir að eitthvað slíkt komi upp,“ segir Jón.

Jón segir kappnógan tíma til að gera bót á ákærunum fyrir mánudag, þegar þingað verður í málinu. Liðirnir sem sett sé út á, þar á meðal viðskipti á milli Baugs og Gaums, séu ekki aðalatriði málsins. Enn nái ákærurnar til stórfelldra bókhaldsbrota að upphæð einum milljarði króna sem ekki hafi verið sett út á.

Jón segir erfitt að segja hver verði niðurstaða dómsins þegar þingað verði um ákæruliðina átján mánudaginn 12. september. Atriðin sem dómarar bendi á séu ekki augljós. Þau skýrist betur í þinghaldinu og út frá því ákveði ákæruvaldið hvort rétt sé að setja fram nýja ákæru um atriðin. - gag



**JÓN H. SNORRASON** Saksóknari segir atriðin sem dómararnir nefna ekki skýr. Eftir þinghaldið á mánudag ákveði ákæruvaldið hvort rétt sé að setja fram nýja ákæru í Baugsmálinu.

Þrír Portúgalar:

# Fengu laun sín leiðrétt

**KJARAMÁL** Portúgalskur starfsmaður fyrirtækis á Akranesi fékk í gær laun sín leiðrétt fjóra mánuð aftur í tímann. Upphæðin nam 94.100 krónum.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir forsvarsmenn fyrirtækisins, sem greiddi Portúgalanum auk tveggja samlanda hans 755 krónur í jafnaðarlaun á tímann, hafa talið sig greiða samkvæmt kjarasamningum. Þeir hafi því leiðrétt launin þegar annað kom á daginn.

Vilhjálmur segir mennina hafa unnið allt að 306 klukkustundir á mánuði. Þeir hefðu átt að vera með um 840 krónur fyrir klukkustundina. - gag



**HARÐBAKUR EA-3**
Þremur yfirmönnum skipsins var sagt upp störfum við brottför frá Akureyri.

Harðbakur EA:

# Yfirmönnum sagt upp

**UPPSAGNIR** Þrír yfirmenn á Harðbaki EA, skipstjóri, fyrsti stýrimaður og yfir vélstjóri, fengu í hendur uppsagnarbréf við brottför skipsins frá Akureyri í síðustu viku. Allir eru þeir með sex mánaða uppsagnarfrest en Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir að uppsagnirnar tengist hagræðingu innan fyrirtækisins. „Það stendur ekki til að segja áhöfninni í heild sinni upp en við leitum stöðugt leiða til að auka hagkvæmni í rekstri félagsins,“ segir Guðmundur. - kk



**FRÁ ÞINGSETNINGU MÁLSINS** Ákærurnar voru teknar fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðasta mánuði.

# Óvissa dómara um greiðslukortalögbrot

## Dómarar telja vanreifaða ákæruliði þar sem sakborningar eru taldir hafa millifært fé með ólögmætum hætti og misnotað aðstöðu sína í auðgunarskyni.

**DÓMSMÁL** Dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn Baugsfeðgum og fjórum öðrum sakborningum hafa vakið athygli ákæruvaldsins á því að slíkir annmarkar kunni að vera á átján af fjörutíu liðum ákærunnar að úr þeim verði ekki bætt í málarekstrinum. Dómur verði því ekki kveðinn upp um efni þeirra.

Í bréfi til málsaðila og lögfræðinga þeirra er ákæranda og verjendum gefinn kostur á að tjá sig um efnið þegar þingað verður í málinu næstkomandi þriðjudag.

Efasemdir dómenda snúa að ákæruliðum um fjárdrátt, umboðssvik og brot gegn lögum um hlutafélög.

Í öðrum kafla ákærunnar er Jón Ásgeir, Jóhannes Jónsson faðir hans og Tryggvi Jónsson taldir hafa misnotað aðstöðu sína hjá Baugi hf. varðandi kaup á 10 -11 verslununum árið 1999 og gerst brotlegir í viðskiptum með fasteignir.

Í athugasemdum sakborninga var því andmælt að um auðgunarásetning hefði verið að ræða. Jón Ásgeir hefði ekki hagnast á viðskiptunum en Baugur hefði aftur á móti hagnast um allt að fjóra milljarða króna.

Dómendur telja að skort geti á að verknaðarlýsing umboðssvika sé fullnægjandi og hlutdeild Tryggva og Jóhannesar sé ekki lýst með fullnægjandi hætti.

Athugasemdir dómenda taka einnig til áttunda og níunda liðar ákærunnar sem varða meðal annars færslur á tugum og hundruð milljóna króna milli Baugs og skyldra félaga. Lýsing á fjárdrætti sé ekki nægilega ljós í umræddum ákæruliðum en brot af áðurgreindum toga geta varðað allt að sex ára fangelsi teljist þau alvarleg.

Dómararnir gera einnig athugasemdir við þrettán aðra ákæruliði sem snerta meðal annars millifærslur og úttektir Jóns Ásgeirs með kreditkortum Baugs. Fjárdráttarsökin er þar ekki talin nægilega reifuð og hlutdeild Tryggva og Kristínar Jóhannesdóttur í þeim brotum sé ekki nægilega lýst.

johannh@frettabladid.is

Pistill Þorvaldar Gylfasonar:

# Rannsókn á leka hætt

**RANNSÓKN** Lögregla hefur hætt rannsókn á meintum leka lögreglunnar á upplýsingum um hverjir yrðu ákærðir í Baugsmálinu áður en ákæran var birt að því er fréttastofa Sjónvarps greindi frá í gærkvöldi.

Þorvaldur Gylfason sagði í pistli í Fréttablaðinu 7. júlí að virtur maður í viðskiptalífinu, sem vel væri tengdur, hefði sagt sér frá því hverjir yrðu ákærðir og að sá hinn sami hefði sagt honum að um 20 manns vissu þetta. Í frétt Sjónvarps segir að Þorvaldur hafi verið kallaður til yfirheyrslu en neitað að upplýsa um heimildamann sinn þar sem sjálfur væri hann blaðamaður og heimildamaðurinn nyti því verndar. - bþg

Baugur í héraðsdómi:

# Dómara að meta ákærur

**DÓMSTÓLAR** „Ég skal ekki segja um hversu algengt þetta er, en fyrir kemur að dómarar bendi á annmarka á málatilbúnaði af hendi ákæruvaldsins,“ segir Eiríkur Tómasson lagaprófessor um ábendingar dómara í Baugsmálinu.



**EIRÍKUR TÓMASSON** Dómarar kanna hvort mál kalli á frávísun.

Eiríkur segir þó almennt gert ráð fyrir að dómarar skoði þessa hluti þegar þeir fá ákærur í hendur. „Ef þeir telja að augljós atriði kunni að valda frávísun eiga þeir að koma með vísbendingu þegar á því stigi. Síðan er einnig gert ráð fyrir að dómarar, eftir að mál hafa verið þingfest, taki til skoðunar hvort einhverjir gallar kunni að vera á málatilbúnaði sem valdi frávísun.“ - óká


**Vatnsleikfimi**

**Úthalds- og styrktarþjálfun sértaklega hugsuð til að bæta líðan í hálsi, herðum og baki. Liðkandi æfingar og teygjur í hverjum tíma.**




**Kennslan fer fram í nýrri og bjartri sundlaug við Laugarás, kl. 16.20 og 17.10 miðvikudaga og föstudaga**

Kennarar: Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari BSc. MTc, MHSc. Sérhæfing í meðferð á hrygg og útlimaliðum og Ólöf I Óladóttir, sjúkraþjálfari, BSc

**Skráning fer fram í síma 897-2896**

**Vefsíða: www.bakleikfimi.is • Netfang: harpahe@hi.is**




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**SÓLIN BROSIR NÚ SÍNU BREIÐASTA**
Meginhluti landsins nýtur sólar í dag með hægum vindi. Það er því tilvalið til viðra sig og sína að loknum vinnudegi. Hef heyrt um marga gönguklúbba, sem dagað hafa uppi sökum þess að meðlimir segja veðrið alltaf vera þannig að ekki sé mönnum út sigandi. Nú eru sem sagt slíkar afsakanir tómt kjaftæði. Út að rölta!! Nú í morgunsárið gætum við þurft að skafa bílrúðurnar. Æ Æ !!!

**HORFUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU:**
Hæglætisveður með bjartviðri. Hiti 5-10 stig að deginum en svalara í kvöld og nótt.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C heiðskírt | París | 29°C léttskýjað | Alicante | 28°C skýjað |
| Osló | 18°C skýjað | Berlín | 28°C léttskýjað | Milano | 21°C skýjað |
| Stokkhólmur | 23°C heiðskírt | Frankfurt | 29°C heiðskírt | New York | 27°C heiðskírt |
| Helsinki | 20°C léttskýjað | Madrid | 25°C hálfskýjað | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 24°C léttskýjað | Barcelona | 27°C skúrir | Orlando/Florida | 34°C skýjað-skúr |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3891
Finnur þú fyrir sekt?
Umferðarlagabrot
*Of hraður akstur kr. 135.000
Ekið á móti rauðu ljósi kr. 15.000
Tvö börn laus í bíl kr. 20.000
samtals kr. 170.000
* Ökumaður sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.
Umferðarlagabrot á borð við hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og annarra vímuefna eru alvarleg afbrot og viðurlögin háar sektir og svipting ökuréttinda. Þetta eru þó smámunir í samanburði við aðrar mögulegar afleiðingar slíkra brota: limlestingar, ástvinamissi, dauða.
MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA
Öflugri löggæsla á vegum landsins.
Eftirtaldir aðilar hafa tekið höndum saman um að auka löggæslu á þjóðvegum landsins um 100% næstu mánuðina. Þetta er gert í forvarnarskyni og til að stuðla að því að þeir sem brjóta af sér þurfi einungis að glíma við fjárhagslegt tjón, en sleppi við aðrar og alvarlegri afleiðingar.
UMFERÐARSTOFA
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN
VEGAGERÐIN
SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú fundið fyrir aukaverkunum vegna lyfjatöku?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 59% |
| Nei | 41% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að leyfa læknum að reka eigið sjúkrahús?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Hundrað starfsmenn vantar á frístundaheimilin:

# Ríflega 500 börn á biðlista

**BARNAGÆSLA** Alls eru 511 börn á biðlista eftir plássi á frístundaheimilum skólabarna í Reykjavík. Á heimilin vantar 102 starfsmenn.

Soffía Pálsdóttir, æskulýðsfulltrúi Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar sem hefur umsjón með frístundaheimilunum, segir að þrátt fyrir að umsóknum um störf hafi fjölgað í síðustu viku hafi það lítið að segja því æ fleiri foreldrar vilja nýta þjónustuna.

„Alls eru umsóknir orðnar 2.243 en þær voru 2.100 í fyrra. Á því má sjá að eftirspurnin er að aukast,“ segir Soffía. Hún segir marga foreldra mjög ósátta við ástandið. Þeir eru í miklum vanda og gagnrýna að aðstæður ráða því ekki hvaða börn komast að hverju sinni. Það sé skiljanlegt, en of tímafrekt sé hins vegar að safna upplýsingum um börnin svo það sé hægt.

„Við vorum ekki í svona langvarandi vanda í fyrra og vorum löngu búin að manna á þessum tíma. Þá áttum við heldur ekki í þessari gífurlegu samkeppni við aðra um starfsfólkið.“ - gag



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GAMAN Á FRÍSTUNDAHEIMILUNUM** Börnin skemmta sér vel á Skýjaborgum eftir grunnskólann.

Íranar fyrir Öryggisráðið:

## Rússar mótmæla

**MOSKVA, AP** Rússar hafa mótmælt því að kjarnorkumál Írana fari fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Þeir sjá enga ástæðu til að málefni Írana verði flutt frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

Bretar, Þjóðverjar og Frakkar reka málið fyrir hönd Evrópusambandsríkjanna og segjast að íhuga drög að samþykkt þar sem þess er krafist að Öryggisráðið fjalli um kjarnorkumál Írana fari þeir ekki að kröfum um að stöðva auðgun úraníums, en það er hægt að nota við framleiðslu kjarnorkuvopna. ■

### TADSJIKISTAN

**FRJÁLS FJÖLMIÐLUN Í HÆTTU** Fulltrúar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu hafa látið í ljós áhyggjur sínar yfir þróun fjölmiðlamarkaðarins í fyrrum Sovétlýðveldinu Tadsjikistan. Yfirvöld í landinu hafa látið leggja niður æ fleiri frjálsa fjölmiðla í landinu og er svo komið að nær engin óháð dagblöð eru gefin út í landinu.

### HAFNARFJÖRÐUR

**FÁA STARFSMENN VANTAR** Sjö starfsmenn vantar á leikskóla Hafnarfjarðarbæjar, sem eru fimmtán. Enga stafsmenn vantar í heilsdagsskólana, sem taka við grunnskólabörnunum er skóladegi þeirra lýkur. Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar, segir að ástandið sé gott miðað við nágrannasveitarfélögin og síður verra nú en síðustu ár.

# Farin verður innri leiðin yfir Sundin

**Borgarstjóri segir að farin verði innri leiðin með Sundabraut fyrir þá átta milljarða sem ríkið veitir til framkvæmdanna. Allir borgarfulltrúar fögnuðu þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja fé til samgöngumála í borginni.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarfulltrúar fögnuðu samhljóða þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja áherslu á samgöngubætur í höfuðborginni við ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands. Sérstaklega var því fagnað að átta milljarðar króna skyldu lagðir í fyrsta áfanga Sundabrautar á árunum 2007 til 2010.

Tillögur um legu Sundabrautar bíða nú meðferðar umhverfisráðherra, vegna kæru íbúa. En að því gefnu að umhverfisráðherra telji innri leið færa yfir Kleppsvík verður ráðist í breytingu á gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur. Meirihlutinn í borgarstjórn hefur verið hlynntur því að setja Sundabraut í brú, í svokallaðri ytri leið, en frá því hefur nú verið fallið. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að í ræðu sinni í borgarstjórn 7. desember hafi hún sagt að hún væri opin fyrir öllum hugmyndum um Sundabraut. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki forsvaranlegt að fara ytri leið, sem er 4,5 milljörðum dýrari og með ákveðnum forsendum erum við sátt við þetta svona.“ Forsendur sem meirihluti borgarstjórnar setur fyrir innri leið er að viðunandi lausn fáist á tengingu Sundabrautar við Sæbraut, og þar með við miðborgina. Þá sé mikilvægt að sjónarmiðum íbúa í Hamraverfi og Vogahverfi sé mætt. Meðal annars sé verið að skoða að setja götu í stokk í Vogahverfinu og að Sundabraut liggi vestar en nú er gert ráð fyrir.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, fagnaði ákvörðun ríkisstjórnarinnar í ræðu sinni í borgarstjórn í gær um að leggja verulega fjármuni til byggingu Sundabrautar og til mislægra gatnamóta Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar. Hann segir að sjálfstæðismenn hafi flutt um það tillögu að innri leið Sundabrautar verði fyrir valinu og sé þessi niðurstaða í samræmi við það. Hann sagði þó að hann hefði viljað sjá fjármuni í mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. „Sem hefði ugglaust verið í þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar ef R-listinn hefði ekki hafnað því á sínum tíma að byggja þar mislæg gatnamót.“ svanborg@frettabladid.is



**FAGNAÐI ÁKVÖRÐUN RÍKISSTJÓRNAR** Steinunn Valdís Óskarsdóttir kynnti ákvörðun ríkisstjórnar um að leggja fjármuni til samgöngubóta í borgarstjórn í gær.


## Endurskoðun laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970

### Athugasemdir óskast við frumvarpsdrög

Nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að endurskoða gildandi löggjöf um lax- og silungsveiði hefur unnið drög að frumvörpum er þennan málaflokk varða. Þar er um að ræða frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, frumvarp til laga um fiskeldi, frumvarp til laga um fiskrækt, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og frumvarp til laga um íslenskar vatnarannsóknir. Stefnt er að framlagningu frumvarpanna á komandi haustþingi. Öllum sem þess óska gefst nú kostur á því að koma athugasemdum við frumvörpin til nefndarinnar áður en nefndin skilar frumvarpsdrögunum til landbúnaðarráðherra. Frumvarpsdrögin má finna á vefslóðinni **www.landbunadarraduneyti.is.**

*Athugasemdir sendist á postur@lan.stjr.is fyrir 20. september.*





**Beint flug frá Keflavík til hinnar fögru miðaldaborgar**

## Tallinn í Eistlandi

**Innifalið í verði:**
Flug, 4 stjörnu hótel m/morgunmat, akstur til og frá flugvelli, íslensk fararstjórn og skattar.
**Verð 49.900 kr.**

**Sökum mikillar eftirspurnar höfum við bætt við einni ferð frá Keflavík**

**Frá Keflavík**
12.-16. október laus sæti
28.-31. október (Aukaferð)

Tallinn hefur breyst í nútímaborg með alþjóðlegu yfirbragði á síðustu 10 árum. Þrátt fyrir það eru íbúarnir stoltastir af gamla bæjarhlutanum. Þar eru götur steini lagðar og við þær standa vel varðveittar stórkostlegar byggingar frá 11-15 öld. Þá setja markaðirnir mikinn svip á borgina. Tallinn hefur verið bætt við á heimslista UNESCO sem ein best varðveitta miðaldarborg N-Evrópu. Menningarlíf í Talllinn stendur með miklum blóma og geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Í Tallinn er hægt að gera góð kaup. Þar er ódýrt að versla og matur á veitingahúsum er ódýr. Þá er, næturlífið fjörugt, barir, skemmtistaðir og kaffihús á hverju götuhorni. Tallinn er borg sem fangar, borg sem skilur eitthvað eftir, löngu eftir að komið er heim.

**Spennandi skoðunarferðir í boði með íslenskri fararstjórn**

**Trans-Atlantic**
Sími 5888900 www.transatlantic.is




**BJÖRGUNARAÐGERÐIR Í MIYAZAKI Í JAPAN** Einn lést og sextán er enn saknað eftir fellibyl sem reið yfir suðurhluta Japans í gær. Tugir þúsunda þurftu að yfirgefa heimili sín.

Fellibylur í suðurhluta Japans:

## Tugir þúsunda urðu að flýja

**FELLIBYLUR** Öflugur fellibylur reið yfir suðurhluta Japans í gær með þeim afleiðingum að einn lést og fjörutíu slösuðust. Sextán er enn saknað.

Tugir þúsunda þurftu að yfirgefa heimili sín og sjór gekk langt upp á land svo strandbær fóru á kaf. Sjötíu þjóðvarnarliðar voru sendir á svæðið til að aðstoða fólk í neyð og styrkja flóðavarnir.

Áætlunarflugi var aflýst, lestir og ferjur gengu ekki og hraðbrautir lokuðust svo tugþúsundir ferðalanga urðu strandaglópar. Vindhraði í fellibylnum var um 35 metrar á sekúndu og fylgdi honum mikil rigning.

„Vindurinn var svo mikill í morgun að ég gat varla gengið. Ég gat ekki farið út úr húsi,“ sagði Mitoshi Shiroi, verslunareigandi í Tarumizu á Kyushu-eyju við strendur Japans en verslun hans var á kafi í vatni vegna flóðanna sem fylgdu fellibylnum. Einn fannst látinn í húsi sínu sem eyðilagðist í aurskriðu og níu var saknað í tveimur aurskriðum til viðbótar á eyjunni. - sda

### ÍSAFJÖRÐUR

**AMMONÍAKFNYKUR** Ammoníak lak úr frystigeymslunum í Norðurtangahúsinu á Ísafirði í gærmorgun en slökkviliði tókst að stöðva lekann von bráðar. Lögregla fór engu að síður um nágrennið og bað fólk um að loka gluggum á húsum sínum. - jse

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ELDSUPPTÖK Í FRYSTIKISTU** Rannsókn er nú lokið á eldsupptökum þegar hús brann á Siglufirði í síðustu viku. Það liggur ljóst fyrir að eldurinn kviknaði í gamalli frystikistu sem var í kjallara hússins.

**TVEIR ÖLVAÐIR VIÐ AKSTUR** Ökumaður var tekinn fyrir ölvunarakstur í umdæmi Húsavíkurlögreglu um hádegisbil í gær. Um sama leyti barst tilkynning um að maður, sem líklegast væri ölvaður, færi um á bíl sínum í umdæminu. Sá hafði enn ekki náðst síðdegis í gær, en málið er í rannsókn að sögn lögreglunnar, sem ennfremur segir það óalgengt að menn séu teknir vegna ölvunaraksturs snemma dags á þriðjudegi.

# NISSAN PATROL

**Gott gengi á Nissan Patrol í september 2005.**

SKIPT_um væntingar

**Gengið í hádeginu 6. september 2005**

| | |
|---|---|
| USD | 62.04 |
| JPY | 0.57 |
| EUR | 77.44 |




# NISSAN PATROL

**LÆKKAÐ VERÐ**

Hann er nú þegar í uppáhaldi þeirra sem þekkja til fjórhjóladrifinna bíla, en nýr og endurbættur Nissan Patrol er betri en nokkru sinni fyrr. Nýja 3,0 lítra túrbó dísilvélin með beinni innspýtingu gefur allt að 40% meira tog og 20% meira afl en eldri vélar. Hún er um leið sparneytnari, hröðunin er meiri og dráttur eftirvagna auðveldari.

| Verð | Fyrir | Eftir |
|---|---|---|
| Patrol **Luxury** beinskiptur | 4.460.000 kr. | **4.230.000 kr.** |
| Patrol **Luxury** sjálfskiptur | 4.580.000 kr. | **4.390.000 kr.** |
| Patrol **Elegance** beinskiptur | 4.825.000 kr. | **4.580.000 kr.** |
| Patrol **Elegance** sjálfskiptur | 4.945.000 kr. | **4.690.000 kr.** |

**Luxury 3,0 TDI dísil**
- 160 hestöfl
- 5 dyra
- 7 manna

**Verð frá 4.230.000 kr.**

**43.982 kr. á mánuði***



**250.000 kr. KAUPAUKI**

**Öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í september 2005 fylgja 33” dekk, krókur og toppbogar.**

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100 | **Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230 | **Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141 | **Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808 | **Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376 | **Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | **Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453 | **Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540 | **Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960 |







Þrír af hverjum fimm framhaldsskólanemum eru í bóklegu námi:

# Verknámið situr á hakanum

**MENNTAMÁL** Ísland er í hópi ríkja á borð við Eistland, Grikkland, Ítalíu og Portúgal, þar sem hærra hlutfall nemenda á framhaldsskólastigi er í almennu bóknámi en í verknámi. Þetta kemur fram í ritinu *Lykiltölur í menntun í Evrópu 2005* sem Evrópusambandið gefur út. Þar segir að í löndum Evrópusambandsins sé hlutfall þeirra sem eru í verknámi 63 prósent, en á Íslandi er hlutfallið 37 prósent. Í Evrópu er algengt að fjórðungur fólks á aldrinum 20 til 24 ára hafi lokið starfsnámi en á Íslandi er hlutfallið um tíu prósent.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Um 37 prósent íslenskra háskólastúdenta brautskráðust úr félagsvísindagreinum, lögfræði og viðskipta- og hagfræðigreinum.

Í flestum ríkjum Evrópusambandsins brautskráðust rúmlega 25 prósent háskólastúdenta úr félagsvísindagreinum, lögfræði og viðskipta- og hagfræðigreinum. Á Íslandi er hlutfallið 37 prósent.

Hlutfall þeirra sem útskrifuðust með háskólamenntun í raunvísinda- og tæknigreinum jókst víðast hvar í Evrópu á árinum 1998 til 2002, en Ísland var eitt níu ríkja þar sem aukningin á þessu sviði var yfir tíu prósent miðað við aldurshópinn 20 til 29 ára.

- bs

# Bush boðar rannsókn

**Bandaríkjaforseti og talsmenn Bandaríkjaþings ætla að rannsaka hvað fór úrskeiðis í viðbrögðum stjórnvalda við neyðarástandinu sem skapaðist af völdum fellibylsins Katrínar. Byrjað er að dæla flóðvatninu af götum New Orleans.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti boðaði í gær að hann myndi sjálfur stýra sérstakri rannsókn á því hvað fór úrskeiðis í viðbrögðum stjórnvalda við neyðarástandinu sem skapaðist af völdum fellibylsins Katrínar. Bandaríkjaþing boðaði einnig aðra slíka rannsókn á sínum vegum. Talsmenn þingflokks demókrata sögðu að þeir kynnu að fara fram á að framlög á næstu fjárlögum til björgunar- og almannavarnamála verði hækkuð í fimmtíu milljarða dala, andvirði um 3.150 milljarða króna.

„Skriffinnska fær ekki að standa í vegi fyrir því að verkið verði unnið fyrir fólkið," sagði Bush eftir ríkisstjórnarfund í Hvíta húsinu.

„Stjórnvöld brugðust á öllum stigum," sagði öldungadeildarþingmaðurinn Susan Collins í Washington. Hún tilkynnti að stjórnsýslumálanefnd öldungadeildarinnar efni til yfirheyrslna af þessu tilefni. „Það er erfitt að skilja skortinn á viðbúnaði og hve miklar tafir urðu á því að brygðist yrði við hamförum sem þó hafði verið spáð um árabil, og skírar aðvaranir höfðu verið gefnar út um marga daga í röð," sagði þingmaðurinn.

Bush, sem hefur sætt orrahríð harðrar gagnrýni vegna málsins undanfarna daga, kallaði leiðtoga þingsins til fundar við sig í gær til að ræða hvað alríkisstjórnin getur gert nú í framhaldinu. Fimm vikna sumarfríi þingmanna lauk í gær og boðuðu formælendur þingsins að ráðstafanir til þess að bæta úr ástandinu á hamfarasvæðunum við Mexíkóflóa yrði efst á dagskrá þess næstu vikurnar.

Viðgerðir á flóðvarnargörðunum sem brustu í New Orleans voru það langt á veg komnar í gær að byrjað var að dæla flóðvatninu af götunum. Óttast er að það verði ljót sjón sem við blasi þegar flóðvatnið sjatnar. „Sú sjón vekur þjóðina á ný," sagði borgarstjórinn Ray Nagin. Hann sagði að það tæki um þrjár vikur að dæla vatninu burt og nokkrar vikur til viðbótar að ryðja mesta brakið af götunum. Það gæti tekið allt að átta vikur að koma rafmagni aftur á borgina.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BRUNI Í KJÖLFAR FLÓÐS** Slökkviliðsþyrla losar vatn yfir húsbruna í New Orleans í gær. Mörg hús hafa brunnið á flóðasvæðinu.

audunn@frettabladid.is

Slippstöðin á Akureyri í fjárhagserfiðleikum:

# Tapaði á verkefnum við Kárahnjúka

**REKSTRARERFIÐLEIKAR** Slippstöðin á Akureyri á í fjárhagserfiðleikum og leita stjórnendur fyrirtækisins að nýju hlutafé. Annað tveggja verkefna Slippstöðvarinnar í tengslum við Kárahnjúkavirkjun gekk illa til að byrja með og varð félagið fyrir umtalsverðum fjárhagslegum skakkaföllum af þeim völdum.

Frá því í vor hafa starfsmenn Slippstöðvarinnar unnið að samsetningu á þrýstipípum í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar. Guðmundur Tulinius, framkvæmdastjóri Slippstöðvarinnar, segir að byrjunarerfiðleikar við það verkefni hafi leitt til þess að Slippstöðina skortir nú rekstrarfé. „Slippstöðin hefur á undanförnum árum gengið í gegnum mikla fjárhagslega erfiðleika og því hefur félagið ekki burði til þess að komast út úr vandanum. Við erum að leita að nýju hlutafé og ef það næst í höfn mun ekki koma til uppsagna," segir Guðmundur en alls starfa 120 manns hjá Slippstöðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**SLIPPSTÖÐIN** Hefðbundin starfsemi Slippstöðvarinnar á Akureyri, við endurbætur á bátum og skipum, hefur gengið vel í sumar og verkefnastaðan verið með betra móti.

Starfsmenn Slippstöðvarinnar koma einnig að niðursetningu á vélbúnaði í Kárahnjúkavirkjun og hefur það verk gengið vel.

- kk

**FordFocus**

# Núna Haust uppskera 100.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.



Veldu Foc

# Nýtt ta gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestr
merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örug
usta Brimborgar er trúleg ástæða þess að For
á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. U
nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

**Focus er betur búinn en Corolla**

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endu
aður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla
hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa á
reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöð
lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Co
saman við Focus. Og þú finnur að margur búna
lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðug
stýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardín
liðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á
Spurðu um þjónustu Ford.

**Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi**

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upph
hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.

*Ford F*
*1. sa*
*verð*
*Ve*

**af gæðalista staðalbúnaðar:**

| | |
|---|---|
| ugleikastýrikerfi | Frjókornasía |
| pólvörn | Upphitanlegir hliðarspeglar |
| g | Rafstilltir hliðarspeglar |
| r hiti í framsætum | Vindskeið að aftan (3d og 5d) |
| ðar að framan | Fjarstýrð samlæsing |
| ðar í hliðum | Fjölstillanlegt stýri |
| ðagardínur | Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum |
| akerfi | |
| jöfnun | Fjarstýring fyrir hljómtæki |
| rhemlun | Aksturstölva og útihitamælir |

**ð fá aukalega:**

| | |
|---|---|
| yrir síma | Raddstýring fyrir: |
| n beygjuljós | - hljómtæki |
| lofti og skjár | - síma |
| heyrnartól | - leiðsögukerfi |
| skahólfi | Aðfellanlegir speglar |
| | Hiti fyrir alla framrúðuna |
| | Sólarvörn í framrúðu |
| hljómtæki | Sportfjöðrun |
| | Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnisspegli |
| ortsæti | Hraðastillir |
| annssæti | Rafdrifin sóllúga |

*dingar velja Ford umfram önnur*
*di bílamerki (74,1% aukning 2004)*
*Ford meðal vinsælustu bílamerkja á*
*ndi. Endursalan staðfestir það einnig.*
*ertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu haustuppskeruna
## Skoðaðu Ford Focus í bílaverslun Brimborgar



**Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra***
Listaverð 1.790.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.690.000 kr.
Bílasamningur 17.580 kr.
Rekstrarleiga 32.085 kr.



**Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra***
Listaverð 1.890.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.790.000 kr.
Bílasamningur 18.620 kr.
Rekstrarleiga 32.585 kr.



**Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra***
Listaverð 1.940.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.840.000 kr.
Bílasamningur 19.140 kr.
Rekstrarleiga 33.455 kr.



**Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra***
Listaverð 1.990.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.660 kr.
Rekstrarleiga 33.965 kr.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur.





Starfsfólk Skinnaiðnaðar á Akureyri heldur vinnunni í nokkra mánuði:

# Rekstrinum tæpast bjargað

**IÐNAÐUR** Skinnaiðnaður á Akureyri mun ekki hætta starfsemi 4. nóvember eins og útlit var fyrir þegar nær öllu starfsfólki félagsins, tæplega 40 manns, var sagt upp í júlíbyrjun.

Ormarr Örlygsson, framkvæmdastjóri Skinnaiðnaðar, segir að enn sé verið að vinna úr birgðum og því haldi starfsfólk störfum sínum í nokkra mánuði enn. Hann er hins vegar ekki bjartsýnn á að starfsemi félagsins á Akureyri verði bjargað. „Það hafa engar rekstrarforsendur breyst frá því að við sögðum fólkinu upp en við munum reyna áfram að finna starfseminni rekstrargrundvöll.


FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**ORMARR ÖRLYGSSON** Um 30 manns var sagt upp hjá Skinnaiðnaði í fyrra og útlit er fyrir að um 40 manns til viðbótar hætti hjá félaginu í byrjun nýs árs.

"Skinnaiðnaður á Akureyri hóf starfsemi árið 2002. Starfsmenn félagsins eiga 54 prósent í félaginu en aðrir eigendur eru Landsbankinn og KEA.

Ormarr segir reksturinn hafa gengið mjög vel á fyrsta starfsárinu, heldur verr árið 2003 en í fyrra og í ár hafi afkoma félagsins verið léleg, einkum vegna sölutregðu og stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. - kk



**FERJAN BALDUR** Ferjan siglir milli Stykkishólms og Brjánslækjar allan ársins hring. Á sumrin fer hún tvær ferðir fram og til baka á dag en eina á veturna.

# Segir ferjusiglingar yfir Breiðafjörð leggjast af

**Ríkið hættir að taka þátt í ferjusiglingum yfir Breiðafjörð innan fimm ára. Framkvæmdastjóri Sæferða segir að ferjusiglingar yfir fjörðinn leggist af í kjölfarið. Bæjarstjóra Vesturbyggðar hugnast breytingarnar ekki.**

**SAMGÖNGUR** „Veginum vestur á Barðaströnd hefur verið haldið opnum síðastliðna tvo vetur og samkvæmt vegalögum á ríkið ekki að styrkja ferjusiglingar þar sem heilsársvegur er," segir Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri.


**JÓN RÖGNVALDSSON** Ríkið á ekki að taka þátt í ferjusiglingum þar sem heilsársvegur er.

Jón bendir á að hlutar af veginum vestur séu ekki orðnir góðir enn og því hafi verið ákveðið að draga smám saman úr þátttöku ríkisins í ferjusiglingum yfir Breiðafjörð næstu fimm ár. „Hins vegar er ekki þar með sagt að ferjusiglingar séu úr myndinni," segir Jón. „Einkaaðilar mega vitaskuld gera út ferju."

Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða, sem gerir út ferjuna Baldur, telur hins vegar að ferjusiglingar yfir fjörðinn muni leggjast af hætti ríkið þátttöku sinni. „Þær bera sig kannski á sumrin en fráleitt að vetrarlagi," segir Pétur sem telur það mikla afturför í samgöngum ef áform ríkisins verða að veruleika. „Þótt við höfum verið heppin með færðina síðastliðna tvo vetur koma alltaf erfið tímabil þar sem fólk verður að treysta alfarið á ferjuna. Flutningabílar til dæmis, sem þurfa að koma farmi í flug á réttum tíma, stóla á okkur langan part úr vetri."

Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, telur að það muni hafa talsverð áhrif á sveitarfélagið leggist ferjusiglingar af yfir vetrartímann. „Miðað við óbreytt ástand er ljóst að samkeppnishæfni sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu mun skerðast, þar sem þau reiða sig á ferjuna til að koma ferskri vöru á áfangastað á veturna. Eins yrðu áhrifin á íbúana þónokkur. Við erum eins og eyland þegar það er snjóþungt og þótt snjór hafi verið lítill undanfarið, hefur hálka verið áberandi og gert landleiðina erfiða yfirferðar."

Ferjan Baldur siglir í Flatey á Breiðafirði en Jón segir að á meðan föst búseta er í eyjunni verði samgöngum þangað haldið úti, þó í annarri mynd til dæmis með smærri bátum.

bergsteinn@frettabladid.is

Hefja má veiðar á íslensku sumargotssíldinni:

# Fyrsta skipið farið til leitar

**SÍLDVEIÐAR** Jóna Eðvalds SF, skip Skinneyjar–Þinganess á Hornafirði, hélt síðdegis í gær fyrst skipa til síldarleitar á þessu hausti en veiðar máttu hefjast 1. september síðastliðinn. Verið er að undirbúa flest nótaskipin til síldveiða við Ísland en vinnsluskipin stunda nú veiðar á norsk-íslenskri síld utan lögsögunnar.

Sigurður Ægir Birgisson, skipstjóri á Jónu Eðvalds, segist ætla að byrja að leita síldar fyrir austan land. „Það hefur lítið frést af síld fyrir austan enn sem komið er en eitthvað hefur sést af síld fyrir vestan þó engin síldveiðiskip séu komin á þau mið," segir Sigurður Ægir.


FRÉTTABLAÐIÐ/SVERRIR

**JÓNA EÐVALDS** Ekki er á vísan að róa þegar kemur að síldveiðum en í gegnum tíðina hefur fyrsta haustsíldin oft komið að landi í kringum 20. september.

Upphafskvótinn á síldarvertíðinni er 110 þúsund tonn og er Skinney–Þinganes og Síldarvinnslan með mestu veiðiheimildirnar, hátt í 15 þúsund tonn hvort félag.

Í fyrra hófst vinnsla á síld ekki af krafti á Austurlandi fyrr en í október en stór og góð síld fannst fyrir vestan land í september. - kk

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**Vaxtalaust tilboð**
aðeins **9.990*** kr
á mán. í 15 mánuði
**Verð 149.850,-**



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130

**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 Danny



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Vaxtalaust tilboð**
aðeins **4.999*** kr
á mán. í 10 mánuði
**Verð 49.990,-**

**Bycast sófi** 3ja sæta Lyon



**Leðursófasett** 3+1+1 3004



**Ítalskt leðursófasett** 3+1+1



**Leðursófasett** 3+1+1 G2041



**Leðursófasett** 3+1+1 Flórens



**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



**Leðursófasett** 3+1+1 M3208



**Sófasett** 3+1+1 Chesterfield



**Leðursófasett** 3+1+1 G1982



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

### *En enginn man það lengur*

**„Það má ekki gleyma hvers vegna spítalarnir voru sameinaðir og rökunum fyrir því.“**

**JÓHANNES M. GUNNARSSON,** LÆKNINGAFORSTJÓRI LANDSPÍTALA, UM HUGMYNDIR UM EINKAREKIÐ SJÚKRAHÚS. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Láttu okkur bara vita ef þú nærð*

**„Það stóð aldrei annað til en að ljúka prófinu og ég geri það væntanlega síðar.“**

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** UM NÁMSRAUNIR SÍNAR Í DV.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARÍA MARTEINSDÓTTIR

## *Jafnar sig eftir heilahimnubólgu og undirbýr brúðkaup*

„Það er allt fínt að frétta af mér,“ segir María Marteinsdóttir snyrti- og fótaaðgerðafræðingur. María er að jafna sig eftir langvarandi veikindi, en hún fékk heilahimnubólgu ekki alls fyrir löngu og hefur varið síðustu mánuðum í að ná heilsu. „Ég er farin að geta unnið aðeins aftur og það hjálpar mikið að komast aftur í vinnuna,“ segir María en hún á fótaaðgerðastofu í Bólstaðarhlíð 43. María hefur verið snyrtifræðingur síðan árið 1976 og segir aðsóknina í fótaaðgerðir aukast ár frá ári. „Það er stöðugur straumur allan ársins hring, en það merkilega er að straumurinn eykst ef eitthvað er þegar sólin skín. Mér finnst það alltaf dálítið undarlegt að fólk vilji sitja inni á snyrtistofu þegar það er sól úti.“

Í sumar brá María sér til Spánar til þess að safna kröftum og sér ekki eftir því. „Ég fór til bæjar sem heitir Salu og er sunnan við Barcelona. Ferðaþjónustan er ný en vaxandi grein þar, en þetta er skemmtilegasti staður sem ég hef komið til.“

María hefur mörg járn í eldinum og ætlar meðal annars að ganga í það heilaga í haust. Sá heppni heitir Skúli Björn Árnason. „Við giftum okkur í október,“ segir María en er ekki viss hvenær brúðkaupsferðin verður. „Við erum svo nýkomin heim að utan að það er aldrei að vita nema við frestum henni fram á næsta vor eða sumar,“ segir María ánægð yfir að hafa endurheimt heilsuna.



## SJÓNARHÓLL

**SAMEINING SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**



**BJÖRN DAVÍÐSSON** ÞRÓUNARSTJÓRI SNERPU.

### *Góð hugmynd*

„Mér líst ágætlega á þessar hugmyndir Ólafs F. Magnússonar og ég er eiginlega hissa á að hvort sitt sveitarfélagið geti verið hvort sínu megin við sömu götuna eins og raunin er með Reykjavík og Seltjarnarnes,“ segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri tölvufyrirtækisins Snerpu á Ísafirði, spurður um skoðun sína á hugmyndum Frjálslynda flokksins um sameiningu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Björn telur hins vegar heppilegast að annars vegar sameinist Reykjavík og Seltjarnarnes og hins vegar hin fimm sveitarfélögin á svæðinu og úr verði tvö öflug sveitarfélög. „Ég get hins vegar sætt við mig eitt, ef Ólafur telur það góða hugmynd,“ segir Björn sem almennt er fylgjandi fækkun sveitarfélaga. „Það verður þó að gæta að því að þau verði ekki það stór landfræðilega að sveitarstjórnarmenn missi sýn yfir þau.“

# Ættfræðigrunnur á 200 milljónir

**Odd Helgason dreymir um að stofnað verði ættar- og þjóðfræðisetur utan um fyrirtæki hans ORG ættfræðiþjónustuna. Hann hefur lagt aleiguna og meira til í uppbyggingu ættfræðigrunnsins Unnar og segir verðmæti hans nema um 200 milljónum króna.**

„Viltu í nefið?“ spyr Oddur Helgason, oft kallaður spekingur. Blaðamaður afþakkar en Oddur fær sér vænan skammt í aðra nösina. Ekki þann fyrsta og ekki þann síðasta þennan morguninn.

Þau tímamót urðu í sögu ORG fyrr á árinu að Íslendingur númer sex hundruð þúsund var skráður í ættfræðigrunninn Unni. Síðan hafa margir bæst við og í dag telur skráin tæplega 626 þúsund Íslendinga.

„Draumur minn er að gera þetta að ættar- og þjóðfræðisetri Íslendinga með um þrjú og hálft stöðugildi og öflug hollvinasamtök að baki sér,“ segir Oddur.

Upplýsingarnar eru allar í ættfræðiforritinu Espólín sem unnið er í Dos-tölvukerfi en mikilvægt er að færa það yfir í hið notendavæna umhverfi Windows. Oddur veit að það kostar peninga en ekki hve mikla peninga. Hann veit líka að upplýsingarnar sem hann hefur fært inn í grunninn eru verðmætar og slær á að kostnaðurinn sé um 350 krónur á hvert nafn. Það gera tæpar 220 milljónir króna. Þau verðmæti vill hann færa þjóðinni með stofnun ættar- og þjóðfræðiseturs.

Þótt aðeins sé áratugur síðan Oddur kom ORG á fót hefur ættfræðiáhuginn blundað lengi í honum. „Ég hef haft áhuga á ættfræði frá því ég var barn,“ segir hann. Örlögin höguðu því þannig að hann fór að sinna þessu áhugamáli sínu af kappi. „Ég varð atvinnulaus og fór á tölvunámskeið og kynntist þar Espólín-forritinu.“ Síðan hefur hann varla stoppað og hver einasta króna sem honum hefur áskotnast síðasta áratuginn hefur runnið í ættfræðina. „Ég hef fengið styrki og venslamenn mínir í Kjarnafæði sjá um að ég hafi eitthvað í kjaftinn á mér því maðurinn þarf jú meira en andlegt fóður,“ segir Oddur. Í gamla daga kölluðu fræðimenn það neftóbaksstyrki þegar þeir fengu eitthvað smáræði úr opinberum sjóðum enda dugðu peningarnir vart fyrir öðru en nokkrum neftóbaksdósum. Og þeir tóku jú vel í nefið karlarnir í gamla daga, líkt og Oddur nú.

„Ég get annars sagt það að grunnurinn heitir eftir þeirri manneskju sem hefur stuðlað mest að því að þetta er hægt og það er konan mín. Það er lykilatriði að vera vel giftur og hún Unnur mín hefur skilið það sem ég hef verið að gera.“ Oddur bendir á að þau hjónin misstu íbúðina sína en endurheimtu hana úr höndum lánadrottna. „Ég þekki persónulega marga af fjármálamönnum landsins og get leitað til þeirra,“ segir Oddur spekingur og fær sér vænan slurk af íslensku neftóbaki.

bjorn@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ODDUR SPEKINGUR HELGASON** Daginn út og inn situr hann við skrifborðið sitt í höfuðstöðvum ORG að Skeljanesi í Skerjafirði og grúskar í ættfræðiskjölum. Hægt er að kynna sér starfsemina á vefsíðunni simnet.is/org.


SffR

Fundur um borgarmál



Samfylkingarfélagið í Reykjavík boðar til fundar um velferð og jafnrétti í Reykjavík. Fundurinn verður haldinn að Hallveigarstíg 1, 2. hæð.

**Miðvikudagurinn 7. september kl. 20-22:**

Velferð, jafnrétti

Fundarefni: Velferðarmál, fjölskyldumál, jafnréttismál

Frummælendur: Stefán Jóhann Stefánsson, Guðrún Erla Geirsdóttir og Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir.
Gestur fundarins er Regína Ástvaldsdóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar.
Fundarstjóri: Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík hvetur félaga og stuðningsfólk til að mæta á fundinn og taka þátt í málefnastarfi flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar á vori komanda.

SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK


Nýjung í verslun á Vestfjörðum:

# Gæludýraverslun opnuð á Ísafirði

Ísfirskir gæludýraunnendur sjá fram á bjartari tíð því með haustinu opnar gæludýraverslun í bænum. Ekki hefur verið hægt að kaupa gæludýr í búð á Vestfjörðum um árabil, en í eina tíð voru seldir páfagaukar í blómabúðinni á Ísafirði.

„Mig hefur lengi langað að fara með eitthvað nýtt á heimaslóðirnar og sló til núna,“ segir Jón Vigfús Guðjónsson, Súgfirðingur og verðandi gæludýrakaupmaður. Hann missti eiginkonu sína í sumar og ákvað í framhaldi þess að söðla um og flytja vestur. Saman ráku þau hjónin heildverslun í Reykjavík.

„Ég ætla að bjóða upp á páfagauka, fiska og þessi hefðbundnu nagdýr og svo fóður og aðra fylgihluti,“ segir Jón Vigfús, sem sjálfur er mikill dýravinur og á hunda.

Búðin verður við Hrannargötu 22 þar sem ýmis atvinnurekstur hefur verið í gegnum árin. Jón fær húsið afhent um miðjan mánuðinn og vonast til að geta opnað í byrjun október.

- bþs



**JÓN VIGFÚS** Opnar gæludýraverslun á Ísafirði í byrjun október.

# Álegg frá Holtakjúklingi




Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi.
Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.

Holta-kjúklingur

Reykjagarður hf

## SVONA ERUM VIÐ

Skóladagar nemenda í framhaldsskólum 2004 til 2005

Heimild: HAGSTOFA ÍSLANDS




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FLÓÐVARNIR

# *Vörn fyrir ágangi áa og sjávar*

Allt frá því að fyrstu siðmenningarsamfélögin mynduðust fyrir þúsundum ára í Mesópótamíu og Nílardalnum hafa flóðvarnir gegnt mikilvægu hlutverki í lífi manna.

**Hvers vegna fór New Orleans á kaf?**
New Orleans-borg í Louisiana í Bandaríkjunum fór á kaf er fellibylurinn Katrín gekk þar yfir í síðustu viku vegna þess að flóðvarnagarðar brustu, bæði meðfram Mississippi-ánni og við Pontchartrain-stöðuvatnið. Kjarni borgarinnar er á svæðinu þar á milli, en landið stendur að miklu leyti lægra en vatnsyfirborðið í ánni og vatninu. Flóðvarnagarðar eru meðfram Mississippi-ánni allt frá ósum hennar við Mexíkóflóa nokkur hundruð kílómetra inn í land. Varnargarðarnir við Mississippi eru hlaðnir upp úr grjóti og jarðvegi og yfirborðið sem snýr að árfarveginum steinsteypt.



**Hverjir eru gallarnir við flóðvarnagarða?**
Gallinn við slíka garða er að þeir mjókka árfarveginn og valda því að vatnið í ánni streymir hraðar en ella. Framburður og set veldur því að árbotnin hækkar líka. Því þarf slíkt flóðvarnakerfi jafnan mikið viðhald. Talsvert tjón varð af völdum flóða í ám í Mið-Evrópu í sumar. Á síðustu árum hefur ítrekað komið til skaðræðisflóða í ám á meginlandi Evrópu, þar á meðal Saxelfi, Oder, Dóná og Rín. Flóðin hafa veitt viðvörunarorðum náttúruverndarsinna aukið vægi, en þeir hafa lengi bent á að það kunni ekki góðri lukku að stýra að þrengja með slíkri mannvirkjagerð að ánum; þær þurfi að geta breitt úr sér hér og hvar til að jafna rennslið með náttúrulegum hætti. Með öðrum orðum: Flóðvarnirnar geta gert flóðin alvarlegri en ella. Stór hluti Hollands er undir sjávarmáli og er það varið miklu flóðvarnagarðakerfi, alls um 13.000 kílómetra löngu.


FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## SPURT & SVARAÐ

■ VILL AÐ LÍNUÍVILNUN KOMI Í STAÐ BYGGÐAKVÓTA

# *Engin hætta á braski*

Guðmundur Halldórsson hefur lengi verið baráttumaður smábátaeigenda á Vestfjörðum. Hann stendur fastur á því að línuívilnun eigi að koma í stað byggðakvóta.


GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON ÚTGERÐARMAÐUR

**Hvað er línuívilnun?**
Það má segja að línuívilnun sé bónus fiskimanna á smábátum. Línuívilnun er uppbót á allan afla sem komið er með að landi og ef engum afla er landað fær viðkomandi ekkert aukalega. Þetta á að vera uppbót fyrir þá sem sækja sjóinn mest og koma með afla að landi.

**Hver er munurinn á línuívilnun og byggðakvóta?**
Byggðakvóta er úthlutað árlega af sjávarútvegsráðuneytinu til ýmissa byggðarlaga að geðþótta ráðherra. Viðkomandi bæjarfélögum er gert að deila út sínum hlut en vegna þess að jafnan er ágreiningur um slíkar úthlutanir kjósa sum bæjarfélög að láta ráðuneytið um það. Handhafi slíks kvóta getur sem best selt hann eða leigt og oft á tíðum nýtur bæjarfélagið alls ekki kvótans því hann er ekki notaður á þeim stað er honum var ætlað.

**Af hverju er línuívilnun betri kostur?**
Vegna þess að byggðakvótinn helst ekki í byggðunum eins og lögin ætla. Hann er seldur og braskað með hann fram og aftur en með línuívilnun er ekki hægt að braska þar sem enginn fær uppbót nema koma með afla að landi. Það er ekki hægt að svindla og græða nema með því einu að verra duglegur úti á sjó.

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR



Samskipta- og kynningarhæfni

*Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa einstaklinga í samskiptum og auka hæfni þeirra í framkomu. Lögð verður áhersla á mannleg samskipti og jákvæð þjónustusamskipti. Farið verður í viðhorfsgreiningu, framkomu, líkamstjáningu og fleiri þætti sem hafa áhrif á samskipti. Námskeiðið hentar öllum sem hafa áhuga á að styrkja sig í samskipta- og kynningarhæfni.*

*14., 15., 19. og 20. september frá kl. 16.30-19.30.*
*Námskeiðið er samtals 12 tímar.*

*Verð 24.000,-*

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**KJARTAN JAKOB HAUKSSON** Kjartan sést hér við mynni Reykjavíkurhafnar eftir að hafa lagt að baki 3.200 kílómetra. Afrekið hefur skilað Sjálfsbjörgu á áttundu milljón króna.

# Púlað fyrir málstaðinn

**Margvíslegar þrautir voru leystar í sumar í því augnamiði að safna áheitum en ekki síður til að vekja athygli landans á góðum málstað.**

Kjartan Jakob Hauksson lauk um síðustu helgi einni viðamestu áheitaferð sem lagt hefur verið upp í hér á landi en hún hófst síðsumars 2003. Þá lagði hann af stað frá Reykjavíkurhöfn á bát sínum Rödd hjartans með það fyrir augum að róa umhverfis landið og safna áheitum til styrktar Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar. Báturinn reyndist hinsvegar óhentugur til verksins og fyrri áfanga ferðarinnar lauk með skipsbroti við Rekavík í Ísafjarðardjúpi.

Þann 5. júní í sumar hófst hann handa öðru sinni og lagði þá af stað frá Bolungarvík á bátnum Frelsinu sem er mun léttari en fyrri báturinn.

Kjartan skilaði sér svo í Reykjavíkurhöfn á laugardaginn var eftir að hafa lagt 2.300 kílómetra að baki.

Þegar hann kom í höfn höfðu safnast rétt um þrjár og hálf milljón króna. Skömmu eftir komuna tóku góðgerðarmenn við sér og er upphæðin komin í rúmar sjö milljónir.

**Gönguferð sem ekki er metin til fjár**
Þann 20. júní lögðu göngugarparnir Guðbrandur Einarsson og Bjarki Birgisson upp í göngu hringinn um landið. Guðbrandur er nær blindur og Bjarki hreyfihamlaður og því áttu kjörorð göngunnar vel við: „Haltur leiðir blindan."

Það var ráðgjafamiðstöðin Sjónarhóll sem hafði umsjón með göngunni. Þetta var ekki áheitaganga en hver var þá ávinningurinn? Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Sjónarhóls, segir að takmarkið hafi verið að kynna málefni barna með sérþarfir fyrir þjóðinni og það hafi svo sannarlega tekist. „Á meðan á göngunni stóð birtust vel á annað hundrað fréttir, greinar og viðtöl tengd málefninu og þar sem Sjónarhóll tók virkan þátt í skipulagningunni um land allt efldu samtökin tengslanet sitt til mikilla muna svo ávinningurinn var verulegur þó ekki sé hann talinn til fjár."

**Allt fyrir áheitin**
Eggert Skúlason hjólaði hringveginn og safnaði fé fyrir Hjartaheill og fékk með sér góða förunauta. Eiður Smári Guðjohnsen lagði af stað með honum en sneri skokkandi til baka frá Litlu kaffistofunni. Þessi ferð vakti mikla athygli og eftir ferðina höfðu safnast rúmar sex milljónir króna.

Jón Eggert Guðmundsson ákvað að nota sumarfrí sitt frá Reiknistofu bankanna í að ganga strandvegi landsins hringinn á enda. Um miðjan júní lagði hann í þá áheitagöngu og bauð Krabbameinsfélaginu að njóta afrakstursins. Hann fór eftir suðurströndinni og náði að komast til Egilsstaða en þá var sumarfríinu lokið. Hann ætlar að reyna að ljúka hringnum næsta sumar en ef hann þræðir strandvegi Vestfjarða á leið sinni til Reykjavíkur frá Egilsstöðum verður ferðin orðin rúmlega þrjú þúsund kílómetra löng þegar yfir lýkur. Að sögn Sigurðar Gunnlaugssonar, sviðsstjóra markaðs- og fjáröflunarsviðs Krabbameinsfélagsins, hafa tæpar tvöhundruð þúsund krónur safnast en hann segir að félagið vonist til að söfnunin taki betur við sér þegar sér fyrir endan á ferð Jóns Eggerts.

**Allt fyrir athyglina**
Leifur Leifsson stóðst þá þraut sem í fljótu bragði virðist óvinnanleg en hann fór upp á Esjuna á hjólastól en að sjálfsögðu með hjálp góðra manna. Hann hefur líka ögrandi kjörorð til að standa undir: „Örykinn ósigrandi."

Að sögn Sigurðar Einarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar, var þar ekki um áheitasöfnun að ræða heldur var verið að vekja athygli á því að flestir vegir eru öryrkjum færir ef vilji er fyrir hendi í þjóðfélaginu.



**HALTUR LEIÐIR BLINDAN** Bjarki Birgisson og Guðbrandur Einarsson gengu hringinn og er afrakstur þeirrar ferðar ekki metinn til fjár en þjóðin er margs vísari um hagi barna með sérþarfir, segir framkvæmdastjóri Sjónarhóls.


PÉTUR SIGURÐSSON

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN OG EGGERT SKÚLASON** Eggert Skúlason fékk slæmt veður á hringferð sinni en góða ferðafélaga og góðar viðtökur því rúmar sex milljónir söfnuðust. Eiður Smári fylgdi honum úr hlaði og var þessi mynd tekin við það tækifæri.

FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is




# Uppseldir í bili

## Næsta sending verður seld 3. október fyrir hádegi

# VERÐSPRENGJA FRÁ STUTTGART

Nokkrir nýir Mercedes Benz C-lína á alveg hreint hrikalega góðu verði. Um er að ræða nýja og óskráða bíla beint frá Mercedes-lager í Stuttgart.

Allir með Elegance eða Avantgarde útfærslum, flestir með Xenon ljósum, leðurinnréttingu, glertopplúgu, rafdrifnum sætum og álfelgum.
Ábyrgð frá fyrsta skráningardegi til 2ja ára.

Mercedes-Benz

Þjónustuaðili
Mercedes Benz
á Íslandi
frá upphafi er

RÆSIR HF

MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Fulltrúaráðsfundur sjálfstæðismanna var snubbóttur.

## Enginn kvaddi sér hljóðs

Enginn kvaddi sér hljóðs," sögðu fjölmiðlar eftir fundinn í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík í Valhöll síðdegis á mánudaginn. Tillaga stjórnarinnar um prófkjör vegna borgarstjórnarkosninga var afgreidd samhljóða án umræðna. Síðan flutti Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, stutt ávarp. Það var eftirvænting og nokkur spenna í loftinu þegar hann tók til máls en hún hvarf á örfáum mínútum. Formaðurinn hafði engin tíðindi að segja að þessu sinni. Fundinum var slitið sextán mínútum eftir að hann var settur. Það er nýtt hraðamet í sögu fulltrúaráðsins.

Hið mikla fjölmenni sem sótti fundinn bendir til þess að trúnaðarmenn Sjálfstæðisflokksins hafi átt von á því að formaður flokksins ætti eitthvert erindi við þá. Það er skiljanlegt. Landsfundur flokksins verður í næsta mánuði. Formaðurinn verður þá að vera búinn að gera það upp við sig hvort hann vill halda áfram eða afhenda Geir H. Haarde varaformanni keflið. Um önnur formannsefni er ekki að ræða. Allt hefur sinn tíma. Formannsskipti í Sjálfstæðisflokknum eru nú rædd af fullri alvöru í fyrsta sinn í næstum hálfan annan áratug.

*En þyki mönnum sem fulltrúaráðsfundurinn hafi verið snubbóttur verður formanni Sjálfstæðisflokksins ekki einum um það kennt.*

Davíð Oddsson er án efa búinn að gera upp hug sinn í málinu. Við honum blasa ótal skemmtileg tækifæri í lífinu. En hann er þannig gerður að hann vill ekki að aðrir semji stundatöfluna sína. Hann vill ákveða sjálfur stund og stað. Það er ekki ósanngjarnt en úr því að tíminn var ekki kominn hefði verið heppilegra að einhver annar hefði ávarpað trúnaðarmannafundinn í Valhöll að þessu sinni. Það var lítil háttvísi í þeim vinnubrögðum sem upp á var boðið á mánudaginn. Það er barnaskapur þegar formaðurinn og samstarfsmenn hans láta eins og áhugi fjölmiðla sé einkennilegur. Það sem er einkennilegt er hve Davíð Oddsson dregur á langinn að opinbera ákvörðun sína.

En þyki mönnum sem fulltrúaráðsfundurinn hafi verið snubbóttur verður formanni Sjálfstæðisflokksins ekki einum um það kennt. Það er raunar sjaldgæft þegar hann er meðal fundarmanna. Í því felast margrómaðir yfirburðir hans sem stjórnmálamanns. Á slíkum fundum er málfrelsi og tillöguréttur. Hitt sem er einkennilegt er að áhugasömustu og áhrifamestu menn Sjálfstæðisflokksins skuli koma saman á flokksfund án þess að nokkur þeirra sjái ástæðu til að nota tækifærið og ræða flokksmál eða málefni líðandi stundar. Vantar þó ekki stórmálin og stóratburðina. Ekkert bannaði fundarmönnum að beina fyrirspurn til formanns flokksins. Umhugsunarefni er af hverju enginn gerði það.

Því miður er fulltrúaráðsfundur sjálfstæðismanna ekki stílbrot að þessu leyti heldur þáttur í ferli sem fyrir löngu er hafið í öllum stjórnmálaflokkunum og hefur breytt þeim úr hugmyndasmiðjum og umræðuvettvangi í þögular afgreiðslustofnanir. Þegar legsteinn flokkanna verður reistur mun standa á honum: „Enginn kvaddi sér hljóðs". ■

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Óttast vinstri stjórn**

Kolbrún Bergþórsdóttir, menningarstjóri á Blaðinu, skrifar skemmtilega grein á heimasíðu Einars K. Guðfinnssonar alþingismanns, ekg.is. Kolbrún, sem segist vera hægri-krati, hvetur Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn til að taka upp samstarf. Hún hefur áhyggjur af vinstri slagsíðu á Samfylkingunni og segist óttast fátt meira en að flokkurinn muni „leggja það á þjóðina að skapa vinstri stjórn eftir næstu kosningar með tilheyrandi vitleysisgangi og óstjórn í efnahagsmálum". Fari svo, „þá kann vel að vera að ég hafi pólitísk vistaskipti og beri fyrir mig samviskuástæður", segir hún.



**„Töffaraleg greind"**

Kolbrún segir að félögum sínum í Samfylkingunni finnist hún vera alltof dað-urgjörn við sjálfstæðismenn. „Eina afsökun mín er sú að ég hrífst af töffaralegri greind og mér finnst mikið bera á henni í Sjálfstæðisflokknum, ásamt málflutningi sem er yfirleitt skynsamlegur. Þarna er innanborðs fólk sem hefur sjálfstraust í bland við hæfileika og nær árangri. Í mínum flokki finnst mér of algengt að fólk sé að afsaka tilverurétt sinn, eins og hendir oft þá sem þjást af skorti á sjálfstrausti. Og svo er þetta fólk fullt af öfund út í stærsta flokk þjóðarinnar og finnur honum flest til foráttu. Ég held að þarna séu flokksfélagar mínir að gera mistök. Þeir eiga að rýna í Sjálfstæðisflokkinn og spyrja sig: Hvað eru þeir að gera rétt? Sjálfstæðisflokkurinn er að gera margt rétt".

**Greiða stofnkostnað**

Í gær var hér fjallað um heimasíður þingmanna og sagt að Alþingi greiddi allan kostnað við þær. Einar K. Guðfinnsson alþingismaður bendir okkur á að hann hafi sjálfur borgað „hönnun, útlit og uppsetningu" á sinni heimasíðu, en nettengingu greiði þingið eins og annan símakostnað þingmanna. Eftir stendur hitt að þingmenn eru ekki nógu röskir við að notfæra sér netið. Það er hneisa að 38 af 63 þingmönnum skuli ekki halda úti heimasíðu.

**gm@frettabladid.is**

## Lýðræði – ekki lottó

Í DAG
UM BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR

ÓLAFUR HANNIBALSSON



Lýðræðissamfélagið byggist á því að kjósendur kveði upp dóm um verk fráfarandi stjórnenda, votti þeim traust til áframhaldandi stjórnarsetu eða felli þá frá völdum mislíki þeim framganga þeirra á liðnu kjörtímabili. Til þess að svo fari þarf stjórnarandstaðan líka að hafa áunnið sér nægilegt traust kjósenda til þess að þeir telji óhætt að fela henni stjórnartaumana næsta kjörtímabil.

Stundum ber svo við að meirihluti kjósenda er í rauninni hundóánægður með framgöngu pólitískra forystumanna á síðasta kjörtímabili, en hefur þó enn minni trú á því að stjórnarandstaðan geti bætt um betur. Þannig vildu margir túlka úrslit síðustu kosninga í Bretlandi í vor sem leið.

Í Þýskalandi hefur reglan verið sú að meginflokkarnir tveir, Sósíaldemókratar og Kristilegir demókratar hafa myndað samsteypustjórn með öðrum hvorum litlu flokkanna, Frjálsum demókrötum og nú Græningjum. Í gamla Vestur-Þýskalandi kom þó fyrir að stóru flokkarnir sátu saman í ríkisstjórn, en það var undantekning og almennt ekki talið æskilegt að svo stór ríkisstjórnarblokk dómíneraði þing og stjórn.

Ég hef margsinnis áður rætt það hér í þessum dálkum að kosningar hér á landi eru meira eða minna marklausar og meir í ætt við happdrætti heldur en aðferð til að koma mönnum frá völdum eða til valda. Borgarstjórnarkosningar undanfarin þrjú kjörtímabil hafa þó verið þar undantekning á. Tvær fylkingar hafa þar tekist á, hvor undir forystu fyrirfram ákveðins borgarstjóraefnis og borgarbúar þannig getað gert upp við sig í kosningum hvorri fylkingunni og hvoru borgarstjóraefninu þeir treystu betur á grundvelli reynslunnar og með tilliti til framtíðarfyrirheita. Borgarbúar hafa þannig fyrirfram getað séð hver áhrif atkvæði þeirra hefði á stjórn borgarinnar.

Öðru máli gegnir með kosningar til Alþingis og þar með um landstjórnina. Þar hefur sá óvani viðgengist áratugum saman, að allir flokkar „ganga óbundnir til kosninga". Það þýðir á mæltu máli að hvorki er kosið um feril undangenginnar ríkisstjórnar né má treysta fögrum fyrirheitum einstakra flokka um það, hvers má vænta komi þeir að landstjórninni. Eftir kosningar hefjast nefnilega hrossakaupin um ráðherrastólana. Og í því karpi öllu má finna ótal (tylli)ástæður og afsakanir fyrir að drekkja öllum fögru kosningaloforðunum í málamiðlunum og sáttaumleitunum. Þetta kallar ekki á ábyrg stjórnmál; endalaust geta pólitíkusar skotið sér undan að axla ábyrgð á einstökum gjörðum og afl kjósandans til að hafa bein áhrif með atkvæði sínu verður hverfandi. Þetta er eins og að spila í lottói. Tilviljun ræður því hvaða tölur koma upp og hver hlýtur vinninginn.

Samt kom mér á óvart að jafnreyndur pólitíkus og Guðmundur Árni Stefánsson skyldi gera því skóna í viðtali í Tímariti Morgunblaðsins síðastliðinn sunnudag, að eftir síðustu kosningar hefði verið ìraunhæfur möguleikiî í stöðunni að mynda samstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Aðeins „reynsluleysi" Össurar og Ingibjargar Sólrúnar hefði komið í veg fyrir það. „Það var eftirspurn eftir nýju stjórnarmynstri", segir Guðmundur Árni. Það má kannski til sanns vegar færa að svo hafi verið, en meinið var, að mínu viti, að kjósendur höfðu ekki öðlast traust á því að stjórnarandstaðan gæti gert betur. Því gat Framsóknarflokkurinn á síðustu stundu fengið félagshyggjuarm sinn til að halda tryggð við flokkinn og þar með bjargað stjórninni. Það var svo hámark ósvífninnar að um það leyti sem allar skoðanakannanir sýna, að þessi félagshyggjuarmur hefur yfirgefið flokkinn eftir atburði þessa kjörtímabils, þá verður formaður án fylgis forsætisráðherra! Fátt sýnir betur hversu áhrifalitlir kjósendur eru um yfirstjórn landsins.

Hitt kom mér jafnvel enn meir á óvart að Stefán Jón Hafstein skyldi lýsa því yfir í fyrri viku, að Samfylkingin gæti vel hugsað sér að ganga til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn um stjórn borgarinnar. Um hvað yrði þá kosið í kosningum að vori? Ég hef talið það meginafrek R-listans að hafa gefið borgarbúum kost á því að kjósa sér borgarstjóra og flokk að baki honum eftir hreinum línum. Þótt R-listinn hafi leyst upp í frumparta sína þarf þó ekki að verða nein eftirsjá að honum. Ég tel að það sé borin von að í komandi borgarstjórnarkosningum geti annar hvor stóru flokkanna fengið hreinan meirihluta. Samt geta þeir dregið upp skýrar átakalínur með því að bjóða hvor fyrir sig fram ákveðið borgarstjóraefni og lýst jafnframt yfir að í eftirkaupum við minni flokka að afstöðnum kosningum verði borgarstjórastóllinn ekki lagður undir. Borgarbúar geta þá a.m.k. verið vissir um að með því að kjósa þá eru þeir ekki að kjósa Alfreð sem borgarstjóra!

Þingkosningar verða í Noregi síðar í þessum mánuði. Þar hafa að undanförnu setið samsteypustjórnir af ýmsum toga. Nú hefur Verkamannaflokkurinn tekið skýra afstöðu um stjórnarmynstur eftir kosningar og norskir kjósendur geta í fyrsta sinn um lengri tíma kosið milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Samfylkingunni ber skylda til að gefa kjósendum kost á mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn – ekki að keppa að því að leysa Framsóknarflokkinn af hólmi sem hækja hans, þegar hann þarf á að halda. ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

*Góðan dag!*
Í dag er miðvikudagur 7. september, 250. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Lestrartréð spratt upp í Foldasafni á svipuðum hraða og baunagrasið í sögunni af Jóa og baunagrasinu.

# Laufblað fyrir lesna bók

***Hópur barna í Grafarvogi ásetti sér í vor að vera duglegur að lesa í sumar og stóð við það.***

Gleði ríkti í Foldasafni í Grafarvogi á hátíð sem haldin var fyrir skemmstu. Þar var verið að fagna góðum árangri í lestrarátaki sem safnið stóð fyrir í sumar meðal barna á aldrinum sex til þrettán ára. Veittar voru viðurkenningar fyrir þátttöku og líka dregið úr lukkupotti. Glæsilegt lestrartré spratt upp á safninu þar sem afraksturinn varð sýnilegur með laufblaði fyrir hverja lesna bók. Börnin sem tóku þátt í sumarlestrinum voru 34 talsins. Þau lásu samtals 240 bækur eða 25.955 blaðsíður, að sögn Sigrúnar Ásu Sigmarsdóttur, bókasafnsfræðings í Foldasafni. „Lesturinn veitti börnunum ómælda ánægju og flest brunuðu langt fram úr eigin markmiðum,“ segir hún og upplýsir að bækurnar hafi verið af öllu tagi, allt frá smábókum með mörgum myndum upp í þykkar Harry Potter-bækur. Foldasafn heldur jafnan einnar viku námskeið í skapandi skrifum þar sem börnin njóta leiðsagnar rithöfundar og myndlistarmanns. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem hvatt er sérstaklega til sumarlesturs meðal barna af hálfu safnsins og telur Sigrún Ása fullvíst að framhald verði á. „Það hafa ekki öll börn áhuga á íþróttum en þau eru kannski bókaormar,“ bendir hún á réttilega.



Gufudalsvöllur er í góðri rækt.

# Gisting og golf

***Golfvöllurinn í Gufudal upp af Hveragerði hefur verið kallaður best geymda leyndarmál golfsins.***

Gufudalsvöllur í Hveragerði blasir ekki beint við augum þegar ekið er fram hjá bænum, en hann er þó vinsæll völlur í góðri rækt. Mörgum finnst gott að munda þar kylfurnar og jafnvel sameina golfiðkunina helgardvöl í Hveragerði. Gistiheimilið Frumskógar og Golfklúbburinn í Hveragerði hafa nefnilega gert samkomulag um að þeir sem gista í Frumskógum geta spilað endurgjaldslaust á Gufudalsvelli út þetta ár. Í Frumskógum eru fimm íbúðir til leigu og fimm herbergi. Tveggja manna herbergi án baðs kostar 5.000 krónur nóttin og íbúð um helgi kostar 15.000. Morgunmatur er á staðnum og kostar 850 krónur. Húsráðandi í Gistiheimilinu Frumskógum er Kolbrún Bjarnadóttir.

## LIGGUR Í LOFTINU

[ BÖRN – NÁM – FERÐIR ]



**Barnastarf** hófst í mörgum kirkjum landsins síðasta sunnudag. Sunnudagaskólinn er ætlaður fyrir börn upp að sjö ára aldri og hann sækja árlega milli átta og níu þúsund börn. Mörg þeirra eru í fylgd foreldra og má reikna með því að minnsta kosti fjögur þúsund foreldrar tengist starfi sunnudagaskólans á hverjum vetri.

**Nemendur** á framhaldsskólastigi sem þurfa að stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ekki er þó hægt að fá samtímis bæði námslán og jöfnunarstyrk. Þeir nemendur sem eiga rétt á jöfnunarstyrk verða að sækja um hann á vef lánasjóðsins www.lin.is fyrir 15. október.

**Barnajóga** verður í Hjónagörðum Háskóla Íslands fyrir börn á öllum aldri í vetur. Leiðbeinandi er Guðrún Arnalds, rcyp-barnajógakennari. Hún kennir börnum að slaka á og hlusta á líkamann í gegnum leik og hreyfingu sem gefur börnum aukna einbeitingu og sjálfstraust. Tímarnir eru fyrir 2-12 ára, aldursskipt. Allar nánari upplýsingar fást á www.andartak.is.



**Síðsumarferð jeppamanna** verður farin á vegum Ferðafélags Íslands um næstu helgi, 9. til 11. september ef veðurspá verður góð. Gist verður við Álftavatn aðfaranótt laugardagsins og síðan verður ekið um Mælifellssand og Öldufellsleið og gist í Þórsmörk seinni nóttina.

*nam@frettabladid.is*

FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT



Skráning á heimasíðu skólans
5. - 12. september

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

OFANLEITI 1 103 REYKJAVÍK SÍMI 5 900 600 FAX 5 900 602 WWW.VERSLO.IS FJARNAM@VERSLO.IS

**Rétt næring** er lykilatriði við uppeldi barna. Ef barnið fær hollan mat úr öllum fæðuflokkum er lagður grunnurinn að góðri heilsu og góðu lífi.

# Tónlistarnámskeið fyrir ungabörn

***Tónlist hefur ákaflega góð áhrif á fólk allt frá unga aldri. Hjá Símenntunarstofnun Kennaraháskólans eru í boði sérstök tónlistarnámskeið fyrir lítil börn. Yngstu nemendurnir eru aðeins þriggja mánaða.***



Tónlist hefur mikil áhrif á börn og er vel til þess fallin að örva líkamlegan og andlegan þroska þeirra.

Tónlist byrjar að örva skilningarvitin þegar í móðurkviði og ýmsar rannsóknir sýna að tónlist hefur afar góð áhrif á börn. Símenntunarstofnun Kennaháskóla Íslands býður í vetur upp á tónlistarnámskeið fyrir ung börn og foreldra þeirra. Yngstu börnin sem sækja námskeiðin eru aðeins þriggja mánaða en boðið er upp á námskeið í þremur aldurshópum.

Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor í tónmennt við KHÍ, hefur umsjón með tónlistarnámskeiðunum. Hún hefur unnið mikið með börn og tónlist og segir ákaflega gaman að fylgjast með því hvaða áhrif tónlistin hefur á börnin. „Það er alveg ótrúlegt að sjá hvernig krakkarnir bregðast við og foreldrarnir verða oft hissa á því hve mikið er hægt að gera með tónlist. Við syngjum saman þulur og vísur og notum tónlistina afar markvisst. Á námskeiðinu skapast notaleg stemming og börnunum líður vel. Þegar heim er komið er auðvelt að endurvekja þessa stemmingu með því að byrja að spila sömu tónlist eða syngja sömu vísur og notaðar eru á námskeiðinu. Tónlistin verður þannig að samskiptatæki barna og foreldra og styrkir samband þeirra,“ segir Helga og bætir því við að tónlistin eigi að vera hluti af hversdagslegu uppeldi og með námskeiðunum sé alls ekki verið að búa til einhver tónlistarséní eða undrabörn.



Kennt er í litlum og persónulegum hópum þar sem aldrei eru fleiri en 12 börn. Foreldrarnir taka virkan þátt í námskeiðinu.

Námskeið af þessum toga hafa áður verið í boði hjá Símenntunarstofnun KHÍ og hafa þau, að sögn Helgu, gefið mjög góða raun. „Í vetur ætlum við að einbeita okkur að yngsta aldurshópnum enda lítið í boði annars staðar fyrir hann,“ segir Helga. „Þetta eru litlir og persónulegir hópar og við leggjum mikla áherslu á að virkja foreldrana,“ segir Helga sem hefur kynnt sér sambærileg námskeið í Bandaríkjunum, Kanada og Noregi. Námskeiðin hér heima eru hins vegar sérsniðin fyrir íslensk börn og unnin með íslenskan menningararf í huga. „Ég hef til dæmis grúskað svolítið á Árnastofnun og fundið ýmsan gamlan kveðskap sem ég nota svo á námskeiðunum. Margar þessar þulur og vísur eru samdar með börn á hnjánum og eiga enn í dag alveg jafn mikið erindi til barna,“ segir Helga en öll börn sem koma á námskeið fá geisladisk og bók með þeim söngtextum sem notaðir eru á námskeiðinu. Þannig geta foreldrarnir haldið markvisst áfram að þjálfa börnin eftir að námskeiðinu lýkur.

Um tíu vikna námskeið er að ræða og munu þau fyrstu hefjast þann 17. september. ■



## Réttindi barnsins

BÖRN HAFA EINS OG FULLORÐNIR RÉTTINDI SEM BER AÐ VERNDA.

Þegar minnst er á réttindi barna dettur mörgum í hug alþjóðleg barátta gegn barnaklámi og vinnuþrælkun barna. Því er ekki úr vegi að minna á að börn í þessum heimshluta eiga líka réttindi. Réttindi barna ná meira að segja til þeirra eigin foreldra sem ekki mega koma fram við það hvernig sem er.
Að sjálfsögðu þarf að taka mið af þroska barna og hæfileika þess til að taka ákvarðanir, en þó má með þeim rökum ekki gera lítið úr réttindum barna til þess að ráða sér sjálf upp að því marki sem eðlilegt er. Tekið skal réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska.
Lykilatriði er að barnið á sig sjálft, líkama sinn og allar hugsanir. Af því leiðir meðal annars að það er réttur barns að vilja ekki vera snert af sínum nánustu. Barn á rétt á því að eiga einkalíf án þess að nokkur skipti sér af því. Til dæmis á það því rétt á að skrifa hugsanir sínar í dagbók sem enginn á rétt á að lesa, hvort sem um er að ræða önnur börn eða fullorðnar manneskjur.
Um þessi réttindi og önnur réttindi barna er kveðið á í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.




Myndskreytingarnar eftir Rui Paes eru afar skemmtilegar og öðruvísi.

## Óhamingjusamur Algjör Milli

***Fimmta og síðasta bók söngkonunnar Madonnu er komin út á íslensku.***

Fimmta og jafnframt síðasta bók Madonnu, Algjör Milli, er komin út á íslensku hjá Máli og menningu. Fyrri bækur söngkonunnar eru Ensku rósirnar, Eplin hans Peabody, Yakov og þjófarnir sjö og Abdi og hálsmen drottningarinnar en eins og þær kemur Algjör Milli út á fjörutíu tungumálum í meira en hundrað löndum.

Á síðustu misserum hafa bæst við mikilvægir þjónustuþættir fyrir grunnskólabörn í borginni, sem stórbæta aðbúnað á þeim vinnustað sem skólinn er. Annars vegar hafa nú nær allir skólar fengið mötuneyti sem bjóða upp á góðan mat í hádeginu, og hins vegar starfa frístundaheimili eftir skóla, svo dagurinn verður samfelldur hjá yngstu börnunum. Þjónustan er mikið niðurgreidd af borginni, en samt kostar hún nokkuð. Því er ekki að leyna að þegar innleiddir eru gjaldbærir þjónustuþættir þarf að huga sérstaklega að þeim efnaminni. Spurning sem margir spyrja er þessi: Fá efnalítil börn ekki notið þessarar góðu þjónustu af fjárhagsástæðum? Því er til að svara að í upphafi þessa kjörtímabils ákvað félagsmálaráð að ein af megin áherslum stefnumörkunar ráðsins fyrir kjörtímabilið fælist í því að styrkja börn efnalítilla foreldra undir yfirskriftinni „Fjárfestum í börnum“. Því er nú veittur styrkur til þess að mæta kostnaði við leikskóla, heilsdagsskóla og daggæslu; skólamáltíðir og tómstundir. Árið 2004 var rúmum 25 milljónum króna veitt í sérstaka fjárhagsaðstoð vegna barna. Alls fengu 477 heimili þessa þjónustu árið 2004 og 289 heimili fyrstu 6 mánuði ársins 2005. Vakin er sérstök athygli á því að auglýsingar hafa verið búnar til sem kynna þessa þjónustu og hafa verið hengdar upp í þjónustumiðstöðvum borgarinnar og verða uppi í félagsmiðstöðvum ÍTR og í öllum grunnskólum borgarinnar. Ég tel framtak félagsmálaráðs (núverandi velferðarráðs) mikilvægt og vek athygli foreldra og forráðamanna leik- og grunnskólabarna á þeim möguleika sem í aðstoðinni felst. Við viljum að öll börn fái jöfn tækifæri.

*Höfundur er formaður borgarráðs og formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Er hægt að fá útför á raðgreiðslum?

Pétur Tryggvi, gull- og silfursmiður, skrifar:

**Ég er markaður. Mér var gefið númer. Á númerinu má sjá hversu stór markaður ég er. Sjá hvar ég er markaður, hvað ég kaupi, hversu oft, hversu mikið. Það er sótt að mér úr öllum áttum. Sóknin heitir markaðssókn. Vopnin eru brýnd í fjölmiðlum. Annars deyja þeir. Markaðsumhyggja er umhyggja fyrir mér. Hún passar að ég verði ekki lítill og lélegur markaður. Hún bendir mér á að ég þurfi að hlaupa hraðar, vinna meira, eyða meiru. Þá geti ég orðið stór markaður. Markaðsumhyggjan er með númerið mitt. Ég hleyp af stað. Markaðsumhyggjan lætur mig vita hvort ég hleyp í rétta átt. Einmitt núna get ég tekið miklu stærri skref á miklu lægri vöxtum. Hyggja markaðssóknarinnar leiðir mig veiklundaðan með styrkri en mjúkri hendi sinni inn í völundarhús þægginda og vellíðunar. Ég ætlaði mér bara lítinn bústað, svolitla umhyggju og dálitla vellíðan. En komst að því að þá yrði ég bara lítill markaður. Núna er allt orðið svo stórt. Ég gæti orðið stórmarkaður með litla hugsun, stórar skuldir og litlar afborganir af öllu því stóra sem ég ætti og veitti mér stóra umhyggju. Umhyggjan fyrir mér, mörkuðum, markaðinum, felst í þessu: Sá vinnur sem á mest af stóru dóti með litlum afborgunum á löngum tíma þegar hann deyr. Er hægt að fá útför á raðgreiðslum?**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

BÍLL OG DUBLIN F/2
Öllum tilboðsbílum fylgir flug og gisting fyrir 2 til Dublin!
ÚRVAL·ÚTSÝN


BÍLL & DUBLIN
Kr. 890 þús. stgr.
Ásett verð kr. 1.100 þús.
Ford Focus SE, 1/2002, ek. 140þús, sjálfskiptur, loftkæling, cd, rafm. í rúðum og speglum ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 290 þús. stgr.
Ásett verð kr. 390 þús.
Ford Taurus GL, 6/1995, ek. 63þús, sjálfskiptur, cd, rafm. í rúðum og speglum, toppgrind, 7manna, spoiler ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 320 þús. stgr.
Ásett verð kr. 390 þús.
Honda Civic 1500 Dxi, 8/1995, ek. 180þús, sjálfskiptur, cd, Ný tímareim ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 1.690 þús. stgr.
Ásett verð kr. 1.890 þús.
Land Rover Freelander V6 2.5, 2/2001, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, ASR spólvörn, dráttarkúla, cd, hiti í sætum, leður, rafm. í sætum, rúðum og speglum ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 2.090 þús. stgr.
Ásett verð kr. 2.390 þús.
Jeep Liberty Limited 3.7, 11/2001, ek. 75þús, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, dráttarkúla, cd, kassettutæki, handfrjáls búnaður, leður, litað gler, loftkæling, rafm í sætum, rúðum og speglum ofl. Einn með öllu.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 490 þús. stgr.
Ásett verð kr. 690 þús.
Kia Clarus GLX 2.0 S/D, 11/1999, ek. 61þús, beinskiptur, ABS, álfelgur, cd, rafm. í rúðum og speglum ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 590 þús. stgr.
Ásett verð kr. 670 þús.
Kia Sportage 2.0, 3/1999, ek. 110þús, beinskiptur, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum ofl.


BÍLL & DUBLIN
Kr. 690 þús. stgr.
Ásett verð kr. 790 þús.
Hyundai Galloper 6/1999, ek 170þús, beinskiptur, álfelgur, dráttarkúla, rafm. í rúðum og speglum ofl.

Aðeins brot af tilboðsbílum
Bílabúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR
BÍLDSHÖFÐA 10 • Símar 577 2800 & 587 1000
hausverk / SÍA

# Hófleg gjöld á fyrirtæki í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
ÁLÖGUR Á FYRIRTÆKI



**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON**
HAGFRÆÐINGUR

Mikilvægt er að þess sé gætt að gjöld hins opinbera fyrir þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga séu hófleg og í samræmi við lýðræðislega mótaða stefnu. Þetta á að sjálfsögðu við um gjöld sem sveitarfélög innheimta hjá fyrirtækjum vegna mengunar- og heilbrigðiseftirlits. Þau eru sett með stoð í lögum um hollustuhætti og eiga að vera rökstudd með vísan til þess kostnaðar sem á sveitarfélagið fellur vegna eftirlits. Í Reykjavík gerir Umhverfissvið borgarinnar tillögu að gjaldskrá sem bæði umhverfisráð og borgarstjórn þurfa að taka afstöðu til. Reykjavíkurborg þarf á því að halda að hér séu vel rekin fyrirtæki sem veita góða atvinnu og taka þátt í þeirri auðsköpun sem nauðsynleg er. Í upplýstum nútímasamfélögum er rekstri fyrirtækja þó settur viss rammi, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum og vinnuverndarsjónarmiðum. Þetta er talið eðlilegt í dag og þessu fylgir kostnaður, en til lengri tíma litið hagnast allir. Reglur og gjöld af þessu tagi þarf þó að sjálfsögðu að endurskoða í ljósi reynslunnar. Í sumarbyrjun birtu Samtök atvinnulífsins samantekt um heilbrigðisgjöld í sveitarfélögum í landinu. Þar var því haldið fram að gjöld heilbrigðiseftirlits á Suðurnesjum og í Reykjavík væru almennt með hæsta móti. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfisráði Reykjavíkur gripu þetta á lofti, kröfðust skýringa og lögðu sjálfir út frá samantektinni með nokkru vandlætingarhjali. Þegar málið var skoðað kom þó í ljós að engar forsendur voru til að draga þær ályktanir sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðu gert. Í samantekt heilbrigðissviðs borgarinnar kemur þvert á móti fram að gjöld eru mjög hófleg í Reykjavík. Sem dæmi um árlegan kostnað má nefna að í Reykjavík er árlegt eftirlitsgjald fyrir bensínstöð með veitingum kr. 48.000 (hæsta gjaldið annars staðar um 150.000 kr.), stórt hótel með veitingum 61.000 kr. (hæsta gjaldið annars staðar um 200.000 kr.) og miðlungsbakarí 48.000 kr. (hæsta gjald annars staðar 67.900 kr.). Þegar reiknaður er kostnaður fyrir hverja eftirlitsferð í 10 sambærilegum gjaldflokkum á 8 eftirlitssvæðum kemur í ljós að Reykjavík er lægst í einum flokki og hæst í einum. Eftir að nokkuð ítarlegar upplýsingar með þessum samanburði lágu fyrir var ljóst að sjálfstæðismenn í umhverfisráði treystu sér ekki til að fylgja fyrri ásökunum frá í sumar eftir og þeir mótmæltu ekki þeirri bókun R-listans í umhverfisráði að gjöldin væru hófleg í Reykjavík. Auðvitað geta opinber gjöld af ýmsu tagi skipt rekstur fyrirtækja nokkru. Hins vegar verður á það að líta að þessi hóflegu eftirlitsgjöld sem hér um ræðir eiga að endurspegla kostnað við eftirlitið og þau út af fyrir sig hafa yfirleitt sáralítil áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Þeim er ætlað að tryggja skilvirkt eftirlit með því að starfsemi fyrirtækja uppfylli kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir sem eru í þágu allra íbúa.

*Höfundur er fulltrúi Samfylkingar í umhverfisráði Reykjavíkur.*

# *Leikhlé fyrir Gerhard og Joschka*

**UMRÆÐAN**
ÞÝSKA KOSNINGA-BARÁTTAN



**HENRYK M. BRODER**

*Schröder og Fischer eru sennilega mestu hæfileikamennirnir í hópi stjórnmálamanna Berlínarlýðveldisins og eru í persónulegum viðkynnum einstaklega þægilegir, fyndnir og skemmtilegir. En þeir eru líka því miður algerir tækifærissinnar.*

Í fyrsta sinn á 40 ára fullveldisferli mínum mun ég í komandi kosningum ekki kjósa þýska jafnaðarmannaflokkinn SPD. Heldur ekki græningja. Ég var of lengi eitt af þessum sjálfgefnu atkvæðum, sem hefði jafnvel kosið kústskaft, svo fremi það hefði borið merkimiðann „rauð-grænt“. Í fyrstu af sannfæringu – það væri einfaldlega enginn kjósanlegur valkostur við SPD – síðar vegna þess að maður leit svo á að flokkurinn væri illskárri en hinir. Þegar Schröder varð kanslari og Fischer utanríkisráðherra fékk ég snert af þýsku stolti: Land þar sem sonur skúringakonu og bílaverksmiðju-verkamaður getur náð svo langt: slíkt land er betra en sá orðstír sem fer af því.

Og þá fór að halla undan fæti. Á meðan Schröder kepptist við að halda PDS (arftakaflokki austurþýska kommúnista) í fjarlægð sýndu héraðshöfðingjar hans engar hömlur á að efna til stjórnarsamstarfs við nafnbreyttu kommúnistana. Með þessu var PDS ekki aðeins gerður „húsum hæfur“ heldur var líka endurlífgaður „þjóðlegur sósíalismi“. Afleiðingarnar blasa núna alls staðar við, „Ossivæðing“ Sambandslýðveldisins (Ossi=Austur-Þjóðverji) heldur áfram hröðum skrefum. Austurhluti landsins, sem búið er að endurbyggja og dæla fullan af fjárstyrkjum, kvartar yfir „nýlenduvæðingu“ úr vestri. Fyrrverandi borgarar Austur-Þýskalands kalla ekki aðeins eftir „félagslegri hengikoju“ fyrir alla heldur heimta þeir líka að einhver ruggi þeim í henni.

Oskar Lafontaine, sem var einu sinni kanslaraefni SPD en er nú á atkvæðaveiðum fyrir PDS og vestur-þýska meðreiðarsveina þeirra, talar um „erlenda verkamenn“ sem taki störf frá þýskum atvinnuleysingjum, Franz Müntefering, formaður SPD, talar um hálaunaða stjórnendur sem „engisprettur“ sem mergsjúgi allan þrótt úr þýskum fyrirtækjum. Og man einhver eftir yktum and-amerískum yfirlýsingum frú Däubler-Gmelin (fyrrverandi ráðherra úr SPD) og herra Stiegler (áberandi þingmanns úr vinstriarmi SPD)? Nei? Það er líka best að þau orð séu gleymd.



Joschka Fischer.



Gerhard Schröder.

Schröder og Fischer eru sennilega mestu hæfileikamennirnir í hópi stjórnmálamanna Berlínarlýðveldisins og eru í persónulegum viðkynnum einstaklega þægilegir, fyndnir og skemmtilegir. En þeir eru líka því miður algerir tækifærissinnar.

Schröder kallaði ísraelskar árásir á Hisbollah-búðir „óásættanlegar“, úrslit svindl-kosninganna í Úkraínu aftur á móti „ásættanleg“, til þess að halda Pútín vini sínum góðum. Fischer tókst að vera sá fyrsti sem óskaði Bandaríkjamönnum til hamingju með handtöku Saddams Hussein, sá sami Fischer og hefði helst persónulega stillt sér í veg fyrir bandarísku skriðdrekana til þess að hindra för þeirra til Bagdad. Það má vera að slíkar mótsagnir tilheyri hversdagsrútínu stjórnmálanna, í mínum augum eru þær samt „óásættanlegar“. Schröder og Fischer hafa með sinni afkáralegu pólitík skákað sjálfum sér út í horn, sem þeir komast ekki út úr nema kjósendur gefi þeim færi á því. Í stjórnarandstöðu. Þar geta þeir horft í eigin barm, gert yfirbót og velt fyrir sér hvernig þeir geta gert hlutina öðruvísi og betur. Báðir eru tiltölulega ungir, Fischer undir sextugu, Schröder rétt yfir því. Eftir fjögur eða átta ár geta þeir stigið fram aftur, því þá verður Angela Merkel orðin þreytt og útbrunnin. Ég óska þeim báðum endurnærandi leikhlés. Þess vegna kýs ég í fyrsta sinn CDU 18. september næstkomandi. ■




# Sveitarfélög: Skiptir stærðin máli?

**UMRÆÐAN**
SVEITARSTJÓRNAR-STIGIÐ



**HJÁLMAR ÁRNASON**
ALÞINGISMAÐUR

Sveitarstjórnir eru það lýðræðislega kjörna stjórnvald sem stendur borgaranum næst og þekkir þarfir íbúanna best. Sérstaklega á þetta við um Ísland þar sem sveitarfélög eru mörg hver svo smá og nábýlið svo mikið að flestir íbúar sveitarfélagsins eru sveitarstjórnarmönnunum málkunnugir.

Núverandi sveitarfélagaskipan með mörgum fámennum dreifbýlissamfélögum á sér eðlilegar skýringar, en flest sveitarfélög hafa lítið breyst frá þjóðveldisöld. Sú skýring, sem oftast er nefnd, tengist landafræði og samgöngum. Hún vegur vissulega þungt, en líklegra er að verkefni sveitarfélaga hafi öðru fremur sett mark sitt á þá sveitarfélagaskipan sem hér hefur verið við lýði síðastliðin þúsund ár eða svo.

Allt fram undir miðbik síðustu aldar voru helstu verkefni sveitarfélaga fjallskil og fátækraframfærsla og hittist hreppsnefndin (5 karlar að sjálfsögðu) nokkrum sinnum ári til að ákveða útsvarið og fyrirkomulag fjallskila, auk þess að finna lausnir á vanda fátæklinga í hreppnum. Til viðbótar var eitt meginverkefni hreppsins að sinna ákveðinni vátryggingu ef bústofn bænda varð fyrir skakkaföllum. Í Grágás er þess getið að hreppar skuli ekki telja færri en 20 lögbýli, enda geti að öðrum kosti reynst hreppnum erfitt að uppfylla skyldur sínar. Því hefur verið fleygt fram að á hverju lögbýli hafi búið um 20 manns, þannig að minnstu sveitarfélög á þjóðveldisöld hafa að líkindum ekki talið færri en 400 íbúa.

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum síðastliðin hundrað ár. Samhliða þeim breytingum hafa verkefni sveitarfélaga breyst og önnur vaxið að umfangi. Sveitarfélög hafa í dag, sem staðbundin stjórnvöld og nærþjónustuaðilar, mörg verkefni á sinni könnu. Í grófum dráttum má skipta þjónustu sveitarfélaga í tvennt. Annars vegar er um að ræða velferðarþjónustu, svo sem félagsþjónustu og rekstur grunnskóla. Hins vegar er um að ræða tæknilega þjónustu, svo sem gatnagerð, veiturekstur o.s.frv. Sem staðbundin stjórnvöld þurfa sveitarfélög enn fremur að taka faglegar ákvarðanir um ýmislegt sem snertir íbúana, til þess þurfa þau að hafa sérfræðinga í stjórnsýslu á sínum snærum.

Öll þessi nýju verkefni kalla eðlilega á breytingar á núverandi sveitarfélagaskipan, þar sem kröfur samfélagsins til sveitarfélaga hafa aukist. Nú þurfa sveitarfélög að hafa bolmagn til að veita faglega skóla- og félagsþjónustu með öflugu liði sérmenntaðra starfsmanna. Auk þess þurfa sveitarfélög að hafa bolmagn til að byggja upp þá innviði sem nauðsynlegir eru til að geta keppt um fólk og fyrirtæki til framtíðar.

Sameining sveitarfélaga í einingar sem eru nægilega fjölmennar og öflugar til að sinna helstu lögbundnu og venjubundnu verkefnunum er nauðsynleg svo efla megi sveitarstjórnarstigið og byggð í landinu. Þá liggur einnig fyrir að smæstu sveitarfélögin geta á engan hátt tekið við fleiri verkefnum frá ríkisvaldinu. Á meðan svo er verður stjórnsýsla okkar miðstýrðari en þekkist í nokkru grannríkja okkar.

Umhugsunarvert er að meðal sveitarstjórnarmanna heyrast þær raddir stöðugt oftar að illa gangi að fá fólk til að sitja í sveitarstjórnum. Veldur þar örugglega margt, m.a. auknar kröfur um þjónustu, meiri ábyrgð en litlar þakkir. Stærri einingar geta betur brugðist við þessum vanda. Ég hvet alla íbúa þeirra sveitarfélaga, sem gangast undir sameiningarkosningu þann 8. október nk., til að velta þessum málum vandlega fyrir sér og hafa að leiðarljósi framtíðarhagsmuni íbúa hvers sveitarfélags.

*Höfundur er formaður verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigs.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.687 **+0,44%**

MESTA HÆKKUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +2,29% | **Síminn** | -5,64% |
| **Straumur** | +1,89% | **Jarðboranir** | -0,98% |
| **Atorka Group** | +1,72% | **Kögun** | -0,71% |

Actavis 41,30 +0,00% ... Bakkavör 43,70 +0,00%... Burðarás 18,10 -0,50% ... FL Group 15,00 -0,70% ... Flaga 4,00 +0,00% ... HB Grandi 9,00 +0,00% ... Íslandsbanki 15,40 +1,30% ... Jarðboranir 20,30 -1,00% ... KB banki 603,00 +0,50% ... Kögun 56,00 -0,70% ... Landsbankinn 23,00 +0,00% ... Marel 63,00 +0,00% ... SÍF 4,77 -0,60% ...Straumur 13,50 1,90% ... Össur 89,50 +2,30%

## Fjandsamleg yfirtaka á Spáni

Spænska gasfyrirtækið Gas Natural hefur gert yfirtökutilboð í stærsta raforkufyrirtæki landsins, Endesa. Tilboðið hljóðar upp á 1820 milljarða króna og verði það samþykkt verður til þriðja stærsta orkufyrirtæki heims.

Í yfirlýsingu frá Gas Natural segir að boðnir hafi verið 21,3 evrur á hlut og það sé tólf prósent hærra en verð hlutarins við lokun markaða á mánudag.

Talsmaður Endesa gaf hins vegar ekki mikið fyrir tilboð Gas Natural: „Þetta er fjandsamlegt yfirtökutilboð og því mun verða ýtt út af borðinu.“

**- jsk**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Össur skoðar yfirtöku

### Hyggst selja nýtt hlutafé fyrir fimm milljarða króna.

Össur á í viðræðum við evrópskt stoðtækjafyrirtæki um hugsanlega yfirtöku á því og hefur verið skrifað undir óskuldbindandi viljayfirlýsingu um kaup. Kaupverð að meðtöldum skuldum gæti verið um 1,2 milljarðar króna.

Velta þessa evrópska félags er yfir 900 milljónir króna á ári og rekstrarhagnaður (EBITDA) þess tæpar tvö hundruð milljónir.

Stjórn Össurar hefur einnig tilkynnt að hún ætli að selja í hlutafjárútboði hlutafé fyrir 5,1 milljarð króna, sem nota á meðal annars til greiðslu á Royce Medical Holdings, bandaríska stoðtækjafyrirtækinu. Kaupverðið er 81 króna fyrir hvern hlut sem er um tíu prósenta afsláttur frá síðasta markaðsverði.

Núverandi hluthafar eiga forgangsrétt að nýjum hlutum. **- eþa**






VERKEFNASTJÓRNUN
FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námskeiðin henta öllum sem þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem stefnt er að mælanlegum og áþreifanlegum árangri.



*„Námið í Verkefnastjórnun fyrir atvinnulífið hjá Stjórnendaskólanum er sniðið að þörfum viðskiptalífsins, þar sem áhersla er lögð á skýr markmið!“*

Leiðbeinendur:
***Þórður Víkingur Friðgeirsson***
***Sigurjón Hákonarson***

**Námslína**

| | *Dags.* | *Tími* |
|---|---|---|
| Inngangur að verkefnastjórnun | 15. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra | 21., 28. og 29. sept. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórinn sem leiðtogi | 12., 13., 19. og 20. okt. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Upplýsingatækni fyrir verkefnastjóra | 2., 3., 9. og 10. nóv. | kl. 13.00 - 17.00 |
| Verkefnastjórnunarumhverfi Prince2 | 30. nóv., 1. og 5. des. | kl. 13.00 - 17.00 |

**Skráning er hafin!**
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

*Nánari upplýsingar veitir:*
***Nanna Ósk Jónsdóttir***
*Verkefnastjóri*
*Sími: 599 6424*
*GSM: 825 6424*

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK





**SIDNEY LANIER (1842-1881)**
lést þennan dag.



*„Tónlist er ást í leit að orðum.“*

***Sidney Lanier var bandarískur tónlistarmaður og skáld.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. SEPTEMBER 1936

# *Buddy Holly fæddist*

Á þessum degi árið 1936 fæddist rokkstjarnan Buddy Holly í bænum Lubock í Texas. Buddy Holly hefur haft mikil áhrif á rokksöguna og sóttu menn á borð við Bob Dylan og Paul McCartney innblástur til hans. Holly lærði barnungur að leika á píanó, gítar og fiðlu. Í menntaskóla stofnaði hann kántríhljómsveit með vinum sínum. Hljómsveitinni gekk ágætlega; fékk að leika í útvarpi og tók upp prufutökur, sem síðar voru útgefnar að Holly látnum. Hann komst í kjölfarið á plötusamning og hann fékk meðal annars að hita upp fyrir Elvis Presley. Það varð til þess að hann ákvað að snúa sér frekar að rokktónlist, en þá fór frægðarsól hans að rísa. Holly stofnaði hljómsveitina Holly and the Crickets sem átti miklum vinsældum að fagna um miðjan 6. áratuginn og gaf út smelli á borð við Peggy Sue, Oh, Boy!, Maybe Baby og Early in the Morning.

Sem frægt er orðið lést Buddy Holly langt fyrir aldur fram á voveiflegan hátt í flugslysi í febrúar árið 1959. Í slysinu létust líka tónlistarmennirnir Richie Valens og Big Bopper.



**BUDDY HOLLY**

## MERKISATBURÐIR

**70 e.** Kr. Rómverski herinn hertekur Jerúsalem.

**1732** Jarðskjálfti varð á Rangárvöllum.

**1822** Brasilía lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgal.

**1874** Sigurður Guðmundsson listmálari lést 41 árs gamall.

**1901** Boxarabyltingunni í Kína lýkur.

**1923** Interpol, alþjóðasamstarf lögreglunnar, stofnað í Vínarborg.

**1973** Mósaíkmynd Gerðar Helgadóttur á Tollstöðinni í Reykjavík er afhjúpuð.

**1986** Desmond Tutu er vígður erkibiskup af Höfðaborg.

**1996** Tupac Shakur er skotinn til bana.

## ANDLÁT

**Sigurjón Ólafsson (Siggi í Bæ)**, Foldahrauni 37G, Vestmannaeyjum, lést á sjúkrahúsi Vestmannaeyja sunnudaginn 14. ágúst. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Unnur Einarsdóttir**, Nesbala 70, Seltjarnarnesi, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 25. ágúst. Útför hennar fór fram í gær.

**Ásgeir Arnar Jónsson**, Urðargerði 4, Húsavík, lést af slysförum fimmtudaginn 1. september.

**Jóhann Eyþórsson** lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund föstudaginn 2. september.

**Sigurður Kristinsson**, málarameistari, Hringbraut 9, Hafnarfirði, lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sunnudaginn 4. september.

**Friðjón Hauksson**, Háeyrarvöllum 26, Eyrarbakka, lést á Landspítalanum í Fossvogi, mánudaginn 5. september.

## JARÐARFARIR

11.00 **Jóhanna Svava Proppé** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Hörður Guðmundsson**, fyrrverandi bóndi á Kverngrjóti, Fannafold 185, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Maren Níelsdóttir Kiernan** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

**Chrissie Hynde**, söngkona Pretenders, er 54 ára.



**Þorbjörn Jensson**, fyrrverandi landsliðsþjálfari í handbolta, er 52 ára.



**Alfreð Gíslason** handknattleiksþjálfari er 46 ára.

Macy Gray söngkona er 35 ára.

Elma Lísa Gunnarsdóttir leikkona er 32 ára.



**Heiðar Örn Kristjánsson**, söngvari og gítarleikari Botnleðju, er 31 árs.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

1533 Elísabet I Englandsdrottning.

1919 Magnús Jónsson ráðherra frá Mel.

1920 Sigfús Halldórsson tónskáld.

1909 Elia Kazan leikstjóri.

1949 Gloria Gaynor söngkona.

1963 Eric „Eazy-E“ Wright rappari.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## GUÐRÚN HELGADÓTTIR: SKÁLD OG FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR ER SJÖTUG

# Rithöfundur með ríka réttlætiskennd

Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður, fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. Guðrún dvelur í Frakklandi um þessar mundir en Fréttablaðið leitaði til samferðamanna hennar til að bregða birtu á einn ástsælasta barnabókahöfund þjóðarinnar.



**RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR** Guðrún hefur mikinn skilning á barnssálinni og getur miðlað honum.

„Guðrún er kona með sterka réttlætiskennd og það gegnsýrir allar hennar bækur,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og formaður Sambands íslenskra barna- og unglingabókahöfunda, en þar er Guðrún virkur félagi. „Hún ber mikla virðingu fyrir börnum og hefur alltaf látið kjör þeirra og málefni sig varða.“

Ragnheiður hefur lesið bækur Guðrúnar frá upphafi, þótt hún hafi verið komin af barnsaldri þegar fyrstu bækur hennar komu út. „Ég hef líka lesið þær sem kennari og fyrir börnin mín og barnabörn.“ Allar bækur Guðrúnar eldast vel að mati Ragnheiðar sem skýrist af því að Guðrún hefur skilning á barnssálinni. „Hún veit sem er að börn breytast ekki þó þjóðfélagið geri það; það er alltaf eins að vera barn og fóta sig í tilverunni. Guðrúnu hefur tekist að varðveita barnið í sér og getur miðlað því.“

Innt eftir uppáhaldsbók sinni segir Ragnheiður margar koma til greina, en upp úr standi þríleikurinn Sitji Guðs englar. „Það skín í gegn að margt í bókunum tengist æsku hennar sjálfrar og því sem hún hefur upplifað sjálf og fyllir bækurnar krafti.“



**RITHÖFUNDURINN** Guðrún þegar hún veitti barnabókaverðlaunum viðtöku í Höfða árið 1994.

Hjörleifur Guttormsson sat með Guðrúnu á þingi fyrir Alþýðubandalagið um langt skeið. Réttlætiskenndin er honum einnig ofarlega í huga þegar Guðrún berst til tals. „Hún var jafnréttissinni góður og róttæk í sínum málatilbúnaði sem sósíalisti. Það er óhætt að segja að hún hafi stutt vel við þá sem voru minnimáttar og var vel að sér í tryggingа-, félags-, og menntamálum. Það var hennar aðall en hún var líka fundvís á önnur mál.“

Hjörleifur fylgdist líka með Guðrúnu sem rithöfundi og fannst mikið til koma. „Það var mikið afrek að sinna öllum þeim hlutverkum sem hún gerði. Hún var húsmóðir og hafði fyrir börnum að sjá, auk þess að sinna þing- og ritstörfum af krafti. Það eru ekki margir sem fara í fötin hennar að þessu leyti.“ ■



**ALÞINGISMAÐURINN** Guðrún var forseti sameinaðs þings árin 1988 til 1991.



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON** Mikið afrek hjá Guðrúnu að geta sinnt þing- og ritstörfum af fullum krafti meðfram barnauppeldi.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is




# Verðlækkun

Hún er falleg og frábærlega smíðuð. Hún er líka vel búin með ABS hemlavörn, skynvirku fjöðrunarkerfi, miðstöð sem hitar bílinn á svipstundu, aksturstölvu og auðvitað geislaspilara og öllu hinu. Hún er aflmikil en líka sparneytin, lipur en rúmgóð. Hún fær fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

Hún heitir Opel ASTRA og kostar **1.695.000 kr.** eða 19.772 kr. á mánuði.*

**Samanburður Astra, Golf og Focus**

| | **Astra Enjoy** | **Golf Trendline** | **Focus Trend** |
|---|---|---|---|
| EuroNcap | **5 stjörnur** | 5 stjörnur | 5 stjörnur |
| Vélarstærð | **1.6i 16v** | 1.6i 8v | 1.6i 16v |
| Hestöfl | **105** | 102 | 100 |
| Eyðsla að meðaltali | **6.6** | 7.2 | 6.7 |
| ABS | **já** | já | já |
| ESP Stöðugleikastýring | **já** | nei | já |
| CDC skynvirk fjöðrun | **já** | nei | nei |
| Stjórntæki f. útvarp, cd/mp3 spilara og aksturstölvu í stýri | **já** | nei | nei |
| MP3 spilari | **já** | nei | nei |
| Quick Heat (snögghitun miðstöðvar, 1000 watta hita element) | **já** | nei | nei |
| Aksturstölva | **já** | nei | nei |
| Sætishitarar | **já** | já | já |
| Farangursrými, aftursæti uppi /niðri | **350/1270** | 350/1305 | 385/1247 |
| | **1.695.000.-** | **1.990.000.-** | **1.890.000.-** |

Opel Astra fékk fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00

Fíton/SÍA FI014216

## Heyrst hefur ...

... að hópur stuðningsmanna KR sé að safna hlutabréfum í KR-Sporti þessa dagana og ætli sér í kjölfarið að ná yfirráðum í félaginu. Jónas Kristinsson hefur setið í brúnni síðustu ár og er óhætt að segja að Jónas sé ekki allra og þar á meðal þeirra sem safna hlutabréfunum.

**sport**
sport@frettabladid.is

**ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KNATTSPYRNU:** MÆTIR BÚLGARÍU Í UNDANKEPPNI HM Í DAG

# *Bölvun hvílir á íslenska landsliðinu*



Það má með sanni segja að bölvun hvíli á íslenska landsliðinu í knattspyrnu þegar kemur að því að spila á Balkanskaga en í níu heimsóknum sem liðið hefur átt þangað hefur liðið aldrei unnið sigur. Afrakstur landsliðsins í heimsóknum til Balkanskagans í gegnum tíðina er eitt stig sem náðist gegn Tyrkjum fyrir 17 árum síðan. Síðan þá hafa átta leikir tapast, gegn þjóðum á borð við Albaníu, Makedóníu, Rúmeníu og Búlgaríu.

„Þetta er athyglisverð tölfræði en við spáum ekkert í hana," segir Ásgeir Sigurvinsson, annar íslensku landsliðsþjálfaranna, sem undirbýr nú lið sitt af kappi fyrir leikinn í dag. „Nú er það einfaldlega okkar verk að létta af þessum álögum og ég er sannfærður um að við getum það," bætir hann við.

Ásgeir segir að verið sé að vinna í því að tjasla leikmönnum saman eftir átökin gegn Króatíu en þeir létu íslensku leikmennina svo sannarlega finna fyrir sér. „Grétar Steinsson er marinn og Auðun Helgason er tæpur í hnénu en Indriði og Heiðar eru að koma til og ég vonast til þess að það geti allir leikið," segir Ásgeir.

Stærsta áhyggjuefni Íslands fyrir leikinn í dag er hálsbólga sem hrjáir fyrirliðann Eið Smára Guðjohnsen en að sögn Ásgeirs hefur hann fengið lyf við bólgunni og ætti að öllu óbreyttu að vera leikfær. Hann hélt sig þó að mestu inni á hótelherbergi sínu í gærdag. Kollegi Ásgeirs hjá Búlgaríu, hinn skrautlegi Hristo Stoichkov, verður í banni í leiknum eftir að hafa fengið rauða spjaldið gegn Svíum um síðustu helgi. Ásgeir telur þó að fjarvera hans hafi ekki mikil áhrif á búlgarska liðið. „Aðstæður eru mjög góðar, það er um 22 stiga hiti og leikið verður á stórum leikvangi svo að ég á ekki von á öðru en að þetta verði hörkuleikur."

## > Við mælum með ...



... að fólk fylgist með leik Íslands og Búlgaríu sem fram fer ytra klukkan 16 og er í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Sýn. Íslenska liðið lék mjög vel í 45 mínútur gegn Króatíu og vonandi fylgja þeir því eftir í dag.

## > Við hrósum ...



... Eyjólfi Gjafar, þjálfara U-21 árs landsliðsins, fyrir að rífa sína menn upp eftir tapið gegn Króatíu og ná sigri gegn Búlgaríu ytra. Liðið hefur gengið í gegnum miklar hremmingar síðustu mánuði og þessi sigur sýnir að það býr mikill karakter í framtíðarliði Íslands.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

4 5 6 **7** 8 9 10

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur fjórum sinnum til klukkan 09.30.

☐ 15.45 **Landsleikur Búlgaríu og Íslands í undankeppni HM** á Sýn.

☐ 18.30 **Landsleikur Írlands og Frakklands í undankeppni HM** á Sýn.

☐ 20.35 **Landsleikur Norður-Írlands og Englands í undankeppni HM** á Sýn.

☐ 22.15 **Olíssport** á Sýn.

☐ 22.45 **Landsleikur Búlgaríu og Íslands í undankeppni HM** endursýndur á Sýn.

Útlendingar í þýska boltanum:

## Brand varar við fjöldanum

**HANDBOLTI** Þýski landsliðsþjálfarinn í handbolta, Heiner Brand, er afar ósáttur við þann mikla fjölda útlendra leikmanna sem spila í þýsku úrvalsdeildinni. Um 130 útlendingar frá 23 þjóðum spila í úrvalsdeildinni, flestir þeirra koma frá Íslandi eða 14.

Brand segir í viðtali við íþróttavefinn sport1.de, að í leik Kiel og Flensburg um þýska súperbikarinn á dögunum hafi aðeins tveir Þjóðverjar tekið þátt í leiknum.

„Þetta er slæm þróun sem getur ekki haldið áfram. Við verðum að stöðva þetta," segir Brand og bætir við að þetta hafi slæm áhrif á þýska landsliðið. Auk Íslendinga eru Svíar, Tékkar, Pólverjar, Danir og Serbar fjölmennir í þýsku úrvalsdeildinni. **- þg**

# Fyrsti útisigurinn í fjögur ár

**Íslenska U-21 árs landsliðið vann góðan sigur á jafnöldrum sínum frá Búlgaríu, 3–1, ytra í gær. Það var búið að bíða lengi eftir þessum útisigri hjá strákunum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu skipað leikmönnum 21 árs og yngri vann sinn fyrsta útisigur í fjögur ár, eða frá því liðið vann Norður-Íra 3-1 árið 2001, er það bar sigurorð af Búlgörum 3-1 í hörðum leik ytra. Fyrir leikinn hafði íslenska liðið tapað níu leikjum í röð á útivelli og því sigurinn kærkominn.

Fyrri hálfleikur einkenndist af hörku og þegar skammt var til leikhlés vísaði dómari leiksins einum Búlgaranum af velli. Eyjólfur Gjafar Sverrisson landsliðsþjálfari ákvað í hálfleik að taka Eyjamanninn Andra Ólafsson af velli og setti Pálma Rafn Pálmason inn á í hans stað en Andri var með gult spjald og átti lítið inni hjá dómaranum að sögn landsliðsþjálfarans.

### Ósanngjörn forysta

Þrátt fyrir að vera einum færri tóku Búlgarar forystu á 59. mínútu en eftir markið tóku íslensku strákarnir öll völd. Varamaðurinn Pálmi Rafn jafnaði leikinn á 69. mínútu og tveimur mínútum síðar kom Emil Hallfreðsson Íslendingum yfir. Það var síðan Garðar Gunnlaugsson sem gulltryggði íslenskan sigur þegar komið var í uppbótartíma og 3-1 sigur Íslands staðreynd.

Eyjólfur Sverrisson var kampakátur að leik loknum þegar Fréttablaðið ræddi við hann. „Ég er stoltur af strákunum, við höfum misst sex lykilmenn úr þessu liði frá því að þetta mót hófst en strákarnir sem hafa komið í stað þeirra hafa sýnt að þeir eru tilbúnir," sagði Eyjólfur og bætti því við að vonandi hefðu ungu strákarnir gefið tóninn fyrir leik kvöldsins hjá A-landsliðinu.

**hjorvar@frettabladid.is**



**HÖRÐUR Í HARÐRI BARÁTTU** Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson, sem sést hér í baráttu við leikmann Króatíu síðastliðinn föstudag, var í byrjunarliði Íslands í gær og lék ágætlega þótt honum hefði ekki tekist að skora.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**BEST** Greta Mjöll Samúelsdóttir þótti leika best seinni hluta Íslandsmótsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sex leikmenn frá Breiðabliki í liði seinni umferðar:

## Greta og Úlfar best í seinni umferð

**FÓTBOLTI** Blikastúlkan Greta Mjöll Samúelsdóttir var í gær kjörin besti leikmaður 8.-14. umferðar Landsbankadeildar kvenna og var þjálfari hennar, Úlfar Hinriksson, valinn besti þjálfarinn. Lið Breiðabliks hefur verið í sérflokki í sumar og tapaði liðið aðeins tveimur stigum í deildarkeppninni sem lauk um helgina.

„Ég bjóst nú alls ekki við þessu. Liðsheildin er aðalatriðið í fótbolta og ég reyni yfirleitt ekki að hugsa of mikið um það hvort ég er spila vel, heldur reyni ég bara að gera mitt besta og hjálpa liðinu mínu að vinna alla leiki," sagði Greta.

Úlfar Hinriksson, þjálfari Breiðabliks, segir tímabilinu hjá Breiðabliki alls ekki lokið þar sem markmiðið sé að verða bikarmeistari.

„Þetta sumar er búið að vera virkilega skemmtilegt. Það hefur náðst upp góður stöðugleiki sem er lykillinn að velgengni okkar í sumar. **- mh**

**LIÐ SEINNI UMFERÐAR**

| | |
|---|---|
| Þóra Helgadóttir | Breiðablik |
| Ásta Árnadóttir | Valur |
| Bryndís Bjarnadóttir | Breiðablik |
| Guðrún Sóley Gunnarsdóttir | KR |
| Ólína G. Viðarsdóttir | Breiðablik |
| Dóra María Lárusdóttir | Valur |
| Edda Garðarsdóttir | Breiðablik |
| Erna B. Sigurðardóttir | Breiðablik |
| Laufey Ólafsdóttir | Valur |
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðablik |
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Valur |

**BESTI LEIKMAÐURINN:**

| | |
|---|---|
| Greta Mjöll Samúelsdóttir | Breiðablik |

**BESTI ÞJÁLFARINN:**

| | |
|---|---|
| Úlfar Hinriksson | Breiðablik |



## ÚR SPORTINU

David Beckham, fyrirliði enska landsliðsins, er tilbúinn til þess að leika allar stöður á vellinum hjá Englandi en hann hefur verið látinn spila inn á miðri miðjunni að undanförnu þó hann kunni best við sig hægra megin. „Ég vil bara fá að spila fótbolta með enska landsliðinu og ég fer ekki fram á neitt annað en að fá að hjálpa til við að vinna leiki. Það er mikil barátta um stöður í liðinu og ég get ekki farið fram á það að vera í byrjunarliðinu.“ Enska landsliðið hefur verið undir mikilli gagnrýni upp á síðkasti eftir háðulegt tap fyrir Dönum í Kaupmannahöfn. Beckham er þó viss um að enska landsliðið geti orðið heimsmeistari á næsta ári. „Við höfum getuna til þess og verðum að gera okkar besta til þess að ná því markmiði.“



Franski landsliðsmaðurinn Thierry Henry hlakkar til þess að mæta Roy Keane í kvöld þegar Frakkland og Írland mætast í undankeppni heimsmeistaramótsins. Henry segist bera mikla virðingu fyrir Keane, þrátt fyrir að þeir séu fyrirliðar erkifjendanna Manchester United og Arsenal. „Einhverra hluta vegna hefur Roy Keane það orð á sér að hann óheiðarlegur leikmaður. Ég ber mikla virðingu fyrir honum. Hann er einn allra besti miðvallarleikmaður heims og ef menn ætla að standa sig vel á móti honum verða menn að vera tilbúnir í slaginn. Við eigum að geta unnið Íra og vonandi tekst okkur það,“ sagði Thierry Henry sem oftar en ekki hefur fengið óblíðar móttökur hjá Íranum harða sem kallar ekki allt ömmu sína.



Miðjumaðurinn smái en knái, Andy Reid, óttast ekki stjörnum prýtt lið Frakka og vonast eftir því að írska liðið geti komið Frökkunum á óvart. „Ég hef fylgst með franska landsliðinu upp á síðkastið og án þess að ég sé með nokkurn hroka, þá er greinilegt að franska liðið er langt frá því að vera eins sterkt og það var fyrir fimm árum. Liðið er mikið breytt og ég get með sanni sagt við eigum góða möguleik gegn því.“ Andy Reid hefur byrjað tímabilið ágætlega hjá Tottenham Hotspurs en þar hefur hann verið hluti af sterkri miðju sem farið hefur mikinn í byrjun leiktíðarinnar. „Ég er tilbúinn til þess að mæta snillingum eins og Zinedine Zidane og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess Írland vinni leikinn.“



Heimssamtök knattspyrnumanna velja á næstu dögum efnilegasta knattspyrnumann heims en tólf leikmenn eru tilnefndir. Leikmennirnir eru: 1 Adu, Bandaríkin; 2 Chiellini, Ítalíu; 3 Fabregas, Spáni; 4 Fangzuo, Kína; 5 Martins, Nígeríu; 6 Mascherano, Argentínu; 7 Mavuba, Frakklandi; 8 Robben, Hollandi; 9 Robinho, Brasilíu; 10 Ronaldo, Portúgal; 11 Rooney, Englandi og 12 Schweinsteiger, Þýskalandi. Sjónvarpsstöðin Sýn býður Íslendingum að taka þátt í valinu og verður það hægt með því að senda SMS skeyti með númeri leikmanns í númerið 1919. Vinningshafi verður dreginn út 13.september næstkomandi og getur hann unnið flugmiða fyrir tvo á úrslitahátíðina sjálfa í London sem fer fram þann 19.september. Nánari upplýsingar um leikinn er að finna á heimasíðu Sýnar, www.syn.is.



Logi Gunnarsson, landsliðsmaður í körfubolta:

# Leitar að félagi

**KÖRFUBOLTI** Logi Gunnarsson, landsliðsmaður Íslands í körfuknattleik, hefur ekki enn fundið sér félag til þess að spila með í vetur, en vonast þó til þess að ganga frá sínum málum á næstu dögum. „Ég hef verið í samningaviðræðum við nokkur félög í Evrópu á síðustu vikum og er að skoða þá möguleika sem í boði eru.“

Logi lék með Giessen í þýsku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð og náði sér ágætlega á strik á leiktíðinni, en var mikið á varamannabekknum seinni part tímabils. Félög á Ítalíu, í Ungverjalandi, Hollandi og Þýsklandi hafa öll falast eftir Loga. „Ég lenti í erfiðum meiðslum á öxlinni á síðustu leiktíð og var í svolítið erfiðri stöðu þegar það kom inn nýr þjálfari og nýir leikmenn. En ég æfði vel og náði að komast í gott form.“

Keppnistímabilið í Evrópu hefst í október og því þarf Logi að ganga frá sínum málum sem fyrst. „Ég hef yfirleitt gengið frá mínum málum í lok ágúst þannig að ég er frekar seinn í þessu núna. En ég hef engar áhyggjur af stöðunni þar sem það eru mörg félög sem hafa sýnt mér áhuga.“

- mh



**LOGI GUNNARSSON** Logi var stigahæstur leikmanna íslenska landsliðsins gegn Dönum um helgina, en hann skoraði 18 stig í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Ekki eru allir gæddir þeim hæfileika að kunna að klæða sig sómasamlega. Hér eru snjallar tískulöggur kallaðar til verka og árangurinn er ótrúlegur. Þeir sem áður voru til skammar fá nú ný föt til að klæðast og ef þurfa þykir er hárið og förðunin líka tekin í gegn.

WHAT NOT TO WEAR

Í kvöld kl. 20:30



GOTT FÓLK McCANN








# STUÐ MILLI STRÍÐA

## Hver man ekki eftir Woodstock?

**FREYR BJARNASON** SKRIFAR UM MINNISLEYSI


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Minnisleysi getur verið ansi hvimleitt. Sjálfur hef ég átt í mestu vandræðum með að muna nöfn og hef meira að segja gerst sekur um að tala heillengi við fólk án þess að muna hvað það heitir.

Að gleyma nöfnum er aftur á móti sárasaklaust þegar maður heyrir af þekktum persónum sem muna ekki stóra atburði í lífi sínu og jafnvel ekki hvað þeir gerðu í fjölda ára. Á dögunum tók ég viðtal við Joe Cocker sem sló í gegn á Woodstock 1969 þegar hann söng Bítlalagið With a Little Help From my Friends. Þegar ég spurði hann hvernig tilfinning það hefði verið að syngja fyrir framan hálfa milljón manns var aftur á móti furðu fátt um svör. Hann sagði bara að það hefðu verið mikil viðbrigði fyrir áður óþekkta hljómsveit sína að koma þar fram. Þegar ég spurði hann hvort þessi hátíð hefði verið hápunkturinn á ferlinum hafði hann einnig frá litlu að segja. Skömmu síðar komst ég að því að Cocker mundi bara ekki ekki baun eftir Woodstock; var líklega of hátt uppi til þess að muna nokkurn skapaðan hlut.

Minnisleysi Cockers er saklaust miðað við sögu sem ég heyrði af liðsmönnum Aerosmith. Þeir gerðu garðinn fyrst frægan á áttunda áratugnum en áttu síðan öfluga endurkomu undir lok þess níunda með plötunni Pump. Vímuefnaneysla setti sitt mark á sveitina í upphafi og í einhverju viðtali sögðu þeir að allur áttundi áratugurinn væri eins og þoka í þeirra huga. Ekki bara einhverjir tónleikar eða stutt tímabil heldur heill áratugur, ótrúlegt en satt.

Sjálfur ætlaði ég að líka að fjalla um fyrrum söngvara Black Sabbath í þessum pistli og heróínreykingar hans í þrjá áratugi, en ákvað að hætta við þar sem ég var búinn að steingleyma hvað hann heitir.






# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 |
| 9 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 2 | 8 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 4 | 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 8 | 2 | 4 | 6 | 1 | 9 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 1 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | 8 | | 2 | 4 |
| 5 | 7 | | | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 2 | | 9 | | 6 | 5 |
| | | 5 | 9 | | 7 | | | |
| 4 | | 3 | | | | 9 | | 6 |
| | | | 8 | | 3 | 2 | | |
| 9 | 6 | | 5 | | 1 | 8 | | |
| | | 1 | | 9 | | | 4 | 7 |
| 3 | 2 | | 6 | | | | 1 | |

su|do|ku © Puzzles by Pappocom

www.gbferdir.is • www.icelandair.is

# GOLFPAKKAR

## ICELANDAIR OG GB FERÐA

### The Grove, London
(30 mínútur frá Heathrow)

The Grove er eitt glæsilegasta hótelið á öllu London svæðinu. Opnaði í september 2003 og er nú vinsælasta helgarhótel fræga fólksins í London. Staðsett aðeins 30 mínútur frá Heathrow og 20 mínútur frá miðborg Lundúna. Á hótelinu er þrír veitingastaðir, þrír barir, tvær sundlaugar, fjölmörg fundarherbergi, stór veislusalur, fullkomin líkamsræktarsalur og heilsulind. The Grove mun halda American Express World Golf Championships árið 2006.

**Verð frá kr. 70.000-**

*Innifalið: Flug, gisting í tvær nætur með morgunverði, 2x18 holur og frítt aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Flugvallaskattar 6.660-*








### The Springs, Oxfordshire
(45 mínútur frá Heathrow)



The Springs Hotel er í London, á fallegri landareign í Oxfordshire sem samanstendur af fallegum görðum, vatni og skóglendi. Hótelið er byggt 1874 í Viktorískum Tudor stíl. Golfvöllurinn hentar vel byrjendum sem og lengra komnum. Þetta er staður þar sem hægt er að slappa af og njóta lífsins á mjög hagstæðu verði.

**5 dagar: kr. 75.000-**

